FRÉTTABLAÐIÐ

70. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 23. MARS 2020



Hluti bílakjallarans við Hörpu var í gær nýttur til að taka sýni úr ökumönnum og farþegum sem haft höfðu samband við síma Læknavaktarinnar, þar sem metið var tilefni til að taka sýni í tengslum við COVID-19 faraldurinn, og fengið tíma. Straumur bíla lá í kjallarann í þessum erindagjörðum og myndaðist nokkur röð þeirra sem biðu sýnatöku. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Aðgerðapakkinn dugir ekki til

Fulltrúar stjórnarandstöðunnar telja að tillögur ríkisstjórnarinnar til að bregðast við efnahagslegum áhrifum kórónaveirunnar séu ágætt fyrsta skref, en muni ekki duga til. Frekari aðgerða sé þörf sem fyrst.

COVID-19 Fulltrúar stjórnarandstöðunnar telja að 230 milljarða aðgerðapakki ríkisstjórnarinnar sé ágætt fyrsta skref, en gangi ekki nægilega langt.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins, segist hafa búist við meiru frá stjórnvöldum. „Opinber útgjöld eru að aukast lítið. Útgjöld ríkisins felast fyrst og fremst í hlutastarfaleiðinni sem var samþykkt fyrir nokkru á Alþingi og að flýta fjárfestingaátaki . Það er því sáralítið nýtt í þessum tillögum sem er miður," segir Sigmundur Davíð.

Hann segir eðli vandamálsins vera þannig að peningar muni nýtast betur ef þeir komi í tæka tíð. „Ef peningarnir koma þegar atvinnurekendur eru búnir að segja upp fólki, þá fæst minna fyrir fjármagnið og skaðinn verður meiri," segir hann.

Halldóra Mogensen, þingflokksformaður Pírata, tekur í svipaðan streng. „Nágrannaþjóðir okkar eru að kynna hlutfallslega margfalt stærri og dýrari björgunaraðgerðir. Það vekur upp spurningar hvort nóg sé að gert," segir Halldóra. Hún segist hafa sérstakar áhyggjur af viðkvæmum hópum í samfélaginu, sem eru enn í óvissu um sína stöðu.

> **Það er því sáralítið nýtt í þessum tillögum, sem er miður.**
>
> Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins

„Það þarf að tryggja heimilum sem lenda í greiðsluerfiðleikum jafnmikið svigrúm og fyrirtækjum. Aðgerðir stjórnvalda þurfa að ná utan um alla, ekki einungis þá sem eru á vinnumarkaði," segir Halldóra.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar, segir tillögurnar skref í rétta átt, en meira þurfi til. „Ég tel að skoða þurfi hvort skilyrði skattsins séu of íþyngjandi, sérstaklega fyrir mörg fyrirtæki í ferðaþjónustunni sem fengu þungt högg þegar WOW féll. Ég er ekki viss um hvort skilyrðin endurspegli raunveruleika þessara fyrirtækja," segir Þorgerður Katrín. – þþ

Þú finnur góð ráð og traustar upplýsingar á

covid.is

Embætti landlæknis
Directorate of Health

Háhraðanet einn, tveir og bingó

Taktu netið með hvert sem er

4.5G

Sóttfrí eða sóttkví. Farðu inn á nova.is og náðu þér í réttu netgræjuna, stingdu í samband og öll tækin fljúga á netið.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Veður



Suðvestan 13-20 og skúrir eða él, en úrkomulítið NA til á landinu, 15-23 þar um kvöldið og kólnar heldur. SJÁ SÍÐU 14

Guðmundur Heiðar Helgason

Skipta strætó í tvo hluta

SAMGÖNGUR Frá og með deginum í dag verður rými strætisvagna höfuðborgarsvæðisins skipt upp í tvo hluta. Er þetta gert til að reyna að draga úr útbreiðslu kórónaveirunnar. Sérstakur borði verður strengdur fyrir fremsta hluta vagnanna til þess að aðskilja svæði vagnstjóra og svæði farþega.

Farþegar Strætó munu halda áfram að ganga inn um mið- eða aftari dyr vagnsins og fargjaldið greitt með því að halda Strætókorti eða Strætóappi á lofti í átt að vagnstjóra.

Sérstakur borði verður strengdur fyrir fremsta hluta vagnanna til að aðskilja svæði.

Sérstakur bráðabirgðabaukur verður staðsettur á farþegasvæði vagnsins fyrir þá sem kjósa að greiða fargjaldið með peningum eða farmiðum.

Guðmundur Heiðar Helgason, upplýsingafulltrúi Strætó, segir fólk duglegt við að greiða rétt fargjald þrátt fyrir minna eftirlit. "Við erum afar ánægð með hvað fólk hefur verið duglegt að greiða rétt fargjald og við finnum fyrir mikilli samstöðu," segir Guðmundur. Engin dæmi eru um smit meðal vagnstjóra, en nokkrir starfsmenn séu í sóttkví vegna ferða erlendis. **– ab**

Vatnselgur á götum Reykjavíkur

Leysingavatn streymdi um götur og torg borgarinnar í gær. Þegar við bættist svo rigningarvatn gátu pollarnir orðið langir og djúpir og vissara að hægja ferðina áður en brunað var í gegnum þá. Þessi ökumaður lét þó vaða og varð af því nokkur buslugangur og vatnið gusaðist í allar áttir. Heppilegt var að ekki voru gangandi vegfarendur í grennd, en veður og veira drógu úr umferð gangandi fólks í borginni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hert á reglum í samkomubanni

COVID-19 Heilbrigðisráðherra tilkynnti í gær að samkomubann miðaðist nú við að ekki fleiri en tuttugu komi saman hverju sinni. Nýja viðmiðið tekur gildi á miðnætti í kvöld. Er þetta gert til að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu COVID-19.

Reglur um skólahald eru þó áfram óbreyttar og munu börn mæta til skóla með sama hætti og í fyrri viku.

Tryggja skal að á vinnustöðum séu ekki fleiri en tuttugu manns í sama rými.Þá verður sundlaugum, líkamsræktarstöðvum, skemmtistöðum og söfnum lokað, meðan takmarkanirnar vara. Við öll mannamót þarf að tryggja að tveir metrar séu á milli manna, eins og verið hefur.

Sérstakar reglur gilda um matvöruverslanir og lyfjabúðir, en þar mega allt að 100 manns vera inni í einu. Upplýsingasíðan covid.is veitir nánari upplýsingar. **– jþ**

Vinna að heiman geti verið streituvaldandi

Sérfræðingur hjá Vinnueftirlitinu segir að afleiðingar þess að vinna að heiman, á sama tíma og barnauppeldi sé sinnt, geti haft umtalsverðar afleiðingar. Mikilvægt sé að setja börnin í fyrsta sæti og að sett markmið séu raunhæf.

COVID-19 „Það verða af þessu afleiðingar, sama hverjar þær verða. Fólk getur jafnvel brunnið út," segir Helga Bryndís Kristjánsdóttir, sérfræðingur í fyrirtækjaeftirliti hjá Vinnueftirlitinu, um afleiðingar þess að fólk vinni að heiman á sama tíma og það sinni barnauppeldi og fjölskyldulífi.

Stór hópur vinnur nú að heiman um land allt vegna COVID-19 faraldursins og samkomubanns sem sett hefur verið á til að hefta útbreiðslu sjúkdómsins. Helga segir mikilvægt að samtal á milli vinnuveitenda og starfsmanna sé skýrt og að verkefni séu vel skilgreind. „Það er nauðsynlegt að hugsa um það hvernig við getum minnkað streituna sem þessu fylgir og hvort að það sé raunhæft að fólk skili heilu dagsverki þegar það er kannski á sama tíma að sinna börnum heima hjá sér," segir Helga.

„Ábyrgðin liggur bæði hjá vinnuveitandanum, sem þarf að sýna aðstæðum starfsmannsins skilning, og hjá starfsmanninum sem þarf að eiga hreinskilið samtal um það hvaða vinnuframlagi sé raunhæft að skila af sér í þessum aðstæðum," segir hún.

Þá segir Helga að ólíkar aðstæður fólks geti haft streituaukandi áhrif þegar unnið er að heiman. „Sumir eru skipulagðir, hafa góðar aðstæður heima við og fjölskyldan getur hjálpast að, en svo er fólk að ganga í gegnum ólíka hluti og ef þú ert kannski með veikan maka, býrð við ofbeldi eða ert að ganga í gegnum skilnað, þá eru aðstæðurnar ekki endilega þannig að þú getir sinnt vinnunni heima," segir Helga og bætir við að vinnuveitendur ættu að hafa þessa þætti í huga.



Samtal þarf að fara fram milli starfsmanns og vinnuveitanda um hvaða vinnuframlag sé raunhæft þegar starfsmenn vinna að heiman. MYND/GETTY

Þarf bara einn að verða pirraður í þessum aðstæðum til að það geti haft áhrif á alla fjölskylduna.

Helga Bryndís Kristjánsdóttir, sérfræðingur hjá Vinnueftirlitinu

Hún segir einnig mikilvægt að huga að börnunum í þessum aðstæðum og að mikilvægt sé að setja þau í fyrsta sæti. „Þó að vinnan sé mikilvæg, þá eru börnin númer eitt. Fólk getur farið að upplifa það að börnin séu fyrir og þetta er eins og dóminó kubbar, það þarf bara einn að verða pirraður í þessum aðstæðum, til að það geti haft áhrif á alla fjölskylduna," segir Helga.

„Rannsóknir hafa sýnt fram á að ef foreldrar setja alla athygli sína á símann og tölvuna, geti börn upplifað ákveðið öryggisleysi og jafnvel höfnun. Afleiðingarnar af því geta svo orðið gríðarlegar. Á sama tíma er mikið öryggisleysi í samfélaginu og við vitum ekki hvað gerist næst, því er enn mikilvægara að huga að börnunum í þessum aðstæðum," bætir Helga við.

„Með þessu róti í samfélaginu eykst álagið og álagsstuðullinn í fjölskyldum getur rokið upp. En þetta ætti að geta gengið upp, ef allir eru með sameiginlegan skilning og þá er mikilvægt að við séum heiðarleg," segir Helga.

birnadrofn@frettabladid.is

covid.is

Við erum öll almannavarnir

Covid-19 kallar á samstöðu og ábyrgð okkar allra. Til að auðvelda heilbrigðiskerfinu að ráða við vandann er mikilvægt að takmarka útbreiðslu veirunnar eins og hægt er.
Til þess eru ýmis ráð sem við þurfum öll að tileinka okkur.

Þvoum okkur um hendurnar
Með vatni og sápu. Reglulega – og reglulega vel.

Forðumst óþarfa snertingu
Finnum snertilausar leiðir til að heilsast og kveðjast.
Bros er betra en koss og knús.

Virðum sóttkví
Sóttkví fyrir þau sem mögulega eru smituð og einangrun þeirra sem greinast er nauðsynleg til að hægja á útbreiðslu.

Hlítum samkomubanni
Samkomubannið gildir til og með 13. apríl. Kynnum okkur vel reglur um bannið og fylgjumst með fréttum.

Á vefnum www.covid.is finnur þú fleiri góð ráð, traustar upplýsingar og fréttir af stöðu mála.

Ríkislögreglustjórinn – Almannavarnadeild

Embætti landlæknis
Directorate of Health

Bjarki Diego var dæmdur í tveggja og hálfs árs fangelsi fyrir umboðssvik árið 2016. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Mál Bjarka Diego tekið fyrir hjá MDE

DÓMSMÁL Mannréttindadómstóll Evrópu hefur fallist á meðferðarhæfi máls Bjarka Diego gegn íslenska ríkinu, en Bjarki var dæmdur í tveggja og hálfs árs fangelsi fyrir umboðssvik, í starfi sínu sem framkvæmdastjóri útlána hjá Kaupþingi.

Mál Bjarka varðar annars vegar meint brot á rétti hans til réttlátrar málsmeðferðar, en hann fékk ekki réttarstöðu sakbornings fyrr en á síðari stigum rannsóknar máls, en hafði þá þegar gefið skýrslu hjá rannsakendum málsins sem vitni, án þess að njóta réttar til að tjá sig ekki um sakarefni og án þess að njóta aðstoðar verjanda. Hins vegar kvartar Bjarki undan því að mál hans hafi ekki verið dæmt af óháðum og óvilhöllum dómstóli og vísar þar til hlutafjáreignar Hæstaréttardómarans Viðars Más Matthíassonar.

» Mál Bjarka varðar annars vegar meint brot á rétti hans til réttlátrar málsmeðferðar.

Af dómi MDE í máli Sigríðar Elínar Sigfúsdóttur, eina dómsins sem kveðinn hefur verið upp hjá MDE um áhrif hlutafjáreignar dómara við Hæstarétt á svokölluð hrunmál, má draga þá ályktun að dómarar verði ekki taldir vanhæfir í málum sem vörðuðu aðra banka en þá sem þeir áttu fjárhagslega hagsmuni í.

Viðar Már, sem vísað er til í kæru Bjarka, átti hlutafé í Landsbankanum og Glitni, en ekki í Kaupþingi. Hverfandi líkur eru þar af leiðandi á því að MDE telji vafa leika á um hæfi hans í máli Bjarka.

Þegar mál Bjarka er talið með, eru málin sem bíða niðurstöðu MDE um áhrif hlutafjáreignar dómara við Hæstarétt orðin átta; mál þriggja Landsbankamanna, tveggja Glitnismanna og tveggja Kaupþingsmanna, auk máls Karls Wernerssonar vegna málsmeðferðar og dóms í Milestone málinu. – aá

Hæstiréttur eini dómstóllinn sem veitir yfirlit yfir hlutafé

Hvorki héraðsdómstólar né Landsréttur birta opinberlega upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni dómara . Hæstiréttur hóf slíka birtingu að eigin frumkvæði árið 2017. Ráðherra hefur boðað frumvarp um aukið gagnsæi um hagsmuni dómara. Dómur féll nýlega í Strassborg vegna hlutafjáreignar dómara.

DÓMSTÓLAR Upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni þeirra 57 dómara sem skipaðir eru við Landsrétt og héraðsdómstólana átta, eru ekki birtar opinberlega, ólíkt upplýsingum um slíka hagsmuni hæstaréttardómara, ráðherra í ríkisstjórn og alþingismanna.

Birting fjárhagslegra hagsmuna hæstaréttardómara byggir ekki á lagalegum fyrirmælum, heldur tók rétturinn sjálfur frumkvæði að birtingu upplýsinganna í upphafi árs 2017, í kjölfar fjölmiðlaumfjöllunar um hlutafjáreign dómara við réttinn í viðskiptabönkunum þremur í aðdraganda fjármálahrunsins. Fjöldi mála er nú til meðferðar hjá MDE vegna meints vanhæfis dómara sem töpuðu á hlutafjáreign sinni í hruninu og sátu í dómi í svonefndum hrunmálum.

Samkvæmt reglum sem settar hafa verið um aukastörf dómara og fjárhagslega hagsmuni þeirra, er nefnd um dómarastörf falið að halda skrá yfir aukastörf dómara, þátttöku í systra- og bræðrafélögum, setu í gerðardómi og um eignarhluti dómara í félögum og fyrirtækjum. Í reglunum er kveðið á um að sérstakar reglur skuli settar, í samráði við dómstólasýsluna, um opinbera birtingu framangreindra upplýsinga. Aðeins hafa verið settar reglur um birtingu upplýsinga um aukastörf dómara og eru upplýsingarnar birtar á vef dómstólasýslunnar. Engar reglur hafa verið settar um birtingu upplýsinga um hlutafjáreign dómara í félögum og fyrirtækjum. Meðal mála dómsmálaráðherra í málaskrá ríkisstjórnarinnar, er frumvarp um breytingu á dómstólalögum þar sem segir að lagðar verði til „breytingar á reglum um hagsmunaskráningu dómara þannig að aukið verði aðgengi að upplýsingum um aukastörf dómara og fjárhagslega hagsmuni."

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra segir óhætt að fullyrða að breytingunni sé ætlað að auka gagnsæi um hagsmuni dómara. Vinna við frumvarpið sé þó ekki komin nægilega langt til að segja meira í bili. Ólíklegt sé, einnig með hliðsjón af stöðunni í samfélaginu, að frumvarpið verði lagt fram á Alþingi á yfirstandandi þingi.

adalheidur@frettabladid.is

Upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni 57 dómara liggja ekki fyrir opinberlega. FRETTABLAÐIÐ/ERNIR

Úr reglum um aukastörf og hlutafjáreign dómara

- Dómara er óheimilt að eiga hlut í félagi eða atvinnufyrirtæki. Frá því getur nefnd um dómarastörf veitt undanþágu, ef ljóst er að slíkt er ekki ósamrýmanlegt stöðu dómara eða leiðir af sér hættu á að hann geti ekki sinnt embættisstarfi sínu sem skyldi.
- Dómara er heimilt að eiga hlut í félagi eða atvinnufyrirtæki sem rekið er í hagnaðarskyni en er skylt að tilkynna það nefnd um dómarastörf. Sama á við um önnur félög sem dómari á eignarhlut í.
- Dómari skal leita heimildar nefndar um dómarastörf til að eiga áfram eða eignast hlut í félagi eða atvinnufyrirtæki sem rekið er í hagnaðarskyni, sé eignarhluturinn að verðmæti 5.000.000 krónur eða meira þegar heimildar er leitað, eða ef hann nemur 5% eða meira.
- Hvort sem tilkynnt er um eignarhlut eða leitað heimildar til að eiga hlut skal tilgreina fjölda hluta, nafnverð og markaðsverð.
- Leggi dómari fé í fjárfestingarsjóð, verðbréfasjóð eða sambærilegan sjóð sem veitir dómara hlutdeild í sjóði um sameiginlega fjárfestingu, samanber lög nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, er honum ekki skylt að tilkynna nefnd um dómarastörf þá ráðstöfun fjár.

Við stöndum með íslensku atvinnulífi

Arion banki mun takast á við núverandi áskoranir með viðskiptavinum sínum og aðstoða fyrirtæki sem þurfa tímabundið svigrúm vegna heimsfaraldurs COVID-19 við að standa við sínar skuldbindingar.

Fyrirgreiðsla okkar tekur mið af almennum greiðsluúrræðum ásamt aðgerðum ríkisstjórnarinnar til að aðstoða fyrirtæki sem lenda í tímabundnum vanda. Markmiðið er að vernda verðmætasköpun í landinu sem og störf og fjárhag heimila.

Upplýsingar um aðgerðir ríkisstjórnarinnar má finna á **stjornarradid.is**.

Við kappkostum að vinna vel úr öllum beiðnum eins fljótt og auðið er og munum svara öllum erindum sem berast. Þar sem færra fólk starfar nú í útibúum okkar biðjum við viðskiptavini að nýta rafrænar leiðir fyrir sem flest erindi.

Þú finnur meira um úrræði okkar á **arionbanki.is**. Þú getur líka sent póst á **greidsluurraedi@arionbanki.is**.

Við tökumst á við þetta saman

arionbanki.is

Áform um friðlýsingu

Umhverfisstofnun kynnir hér með áform um endurskoðun á friðlýsingu Flateyjar á Breiðafirði. Um er að ræða stækkun á mörkum friðlandsins ásamt endurskoðun friðlýsingarskilmála.

Áform um friðlýsingar eru kynnt í samræmi við 2. mgr. 38. gr. náttúruverndarlaga en gert er ráð fyrir að svæði sem ekki er á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár skuli kynnt sérstaklega.

Frestur til að skila athugasemdum við áformin er til og með **25. maí 2020.** Athugasemdum við áformin má skila á heimasíðu Umhverfisstofnunar, með tölvupósti á netfangið ust@ust.is eða með pósti til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík.

Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar, www.ust.is.

RÝMI OFNASMIÐJAN

METALSISTEM®

Gott verð og góð þjónusta

Nú fæst METALSISTEM® hillukerfið í **Rými**

Rými Ofnasmiðjan | Gylfaflöt 4 | 112 Reykjavík | s. 511 1100 | www.rymi.is | rymi@rymi.is



ÁLFABORG
- allt á gólfið -

Skútuvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is

HVER VANN?

Sportið á frettabladid.is færir þér allar nýjust fréttirnar úr heimi íþróttanna.

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook



Kona framleiðir hlífðargrímur á verkstæði í borginni Sana í Jemen, 16. mars 2020. Húti vígamenn hófu rekstur saumastofu í borginni til að framleiða andlitsgrímur til sóttvarna gegn kórónafaraldrinum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Faraldurinn hægir á stríðsrekstri í Jemen

Nú eru fimm ár frá því að hið gleymda stríð í Jemen hófst. Kórónaveiran hefur hægt á stríðsrekstrinum, þar sem stríðandi fylkingar undirbúa sóttvarnir. Stríðshrjáð landið hefur litla sem enga getu til að takast á við veirufaraldur.

Davíð Stefánsson
david@frettabladid.is

Dregið hefur úr bardögum milli stjórnarhers Jemen og hersveita Húta-fylkingarinnar í fyrsta skipti síðan stríðsátökin í landinu brutust út fyrir fimm árum. Skýringarinnar er að leita í heimsfaraldri COVID-19.

Styrjöldin í Jemen, sem hófst 22. mars 2015, á rætur í áralöngum átökum aðskilnaðarsinna, trúardeilum og erlendri hernaðaríhlutun. Það hefur staðið svo lengi að það nær vart inn í fréttir alþjóðlegra fjölmiðla og er því oft nefnt „hið gleymda stríð“.

Í flókinni mynd má segja stríðsaðila þrjá: Í fyrsta lagi eru það hópar sem styðja núverandi forseta, Abdrabbuh Mansur Hadi, og höfðu höfuðstöðvar í borginni Aden. Í öðru lagi er Húta-fylkingin og hópar sem studdu Ali Abdullah Saleh fyrrum forseta landsins. Þeir stjórna borginni Sana. Í þriðja lagi eru það hópar íslamskra vígamanna.

Landinu var stjórnað af konungsveldi í norðri og Bretum í suðri, þar til framið var valdarán á báðum svæðum, snemma á sjöunda áratug síðustu aldar. Norðrið naut stuðnings Bandaríkjanna og Sáda en suðrið var stutt af Sovétríkjunum. Eftir áratuga ofbeldi var landið sameinað árið 1990. En ástandið varð þó æ erfiðara vegna fátæktar og spillingar og umfangs íslamskra vígasveita Al-Kaída. Á árunum 2004 og 2010 réðst Húta-fylkingin sex sinnum gegn ríkisstjórninni.

Í kjölfar arabíska vorsins og fjöldamótmæla, var stjórn Saleh forseta hrakin frá völdum árið 2011 og við tók varaforsetinn Abdrabbuh Mansur Hadi.

Gjarnan er litið á átökin í Jemen sem leppstríð á milli Írans og Sádi-Arabíu um áhrif í Mið-Austurlöndum. Stjórnvöld Sáda og ýmis önnur ríki hafa blandað sér í átökin með beinum eða óbeinum hætti og styðja stjórn Hadi. Stjórnvöld í Íran og Hezbollah frá Líbanon eru talin að baki uppreisnarher Húta.

Öll viðleitni til að binda endi á átökin hefur skilað litlu og stríðsaðilar hafa sætt ásökunum um stríðsglæpi og mannréttindabrot.

Fyrir stríðið var landið fátækt, annar hver Jemeni undir fátæktarmörkum og milljónir vannærðar, en í átökunum hefur neyðin aukist til muna.

Sameinuðu þjóðirnar hafa sagt algert hamfaraástand ríkja í landinu. Skýrsla SÞ frá árinu 2019 sagði „þjáninguna í landinu vera nánast fordæmalausa“. Meira en tuttugu milljónir Jemena glíma við mikið matvælaóöryggi og helmingur á barmi hungursneyðar. Sjúkdómar hafa hrjáð landið og á síðasta ári er talið að kólerufaraldur hafi náð til sjö hundruð þúsund manna.

Í febrúarmánuði greindi Flóttamannastofnun SÞ frá því að þrjár milljónir manna hafi flosnað upp og meira en ein milljón manna lagt á flótta, frá því að stríðið hófst.

Bandaríska verkefnið sem kennt er við ACLED og heldur utan um upplýsingar varðandi vopnuð átök, segir meira en 100.000 Jemena hafa látið lífið vegna átaka, skorts á matvælum, heilbrigðisþjónustu og innviðum, frá árinu 2015.

Og nú, til að bæta gráu ofan á svart, óttast menn veirufaraldur af völdum COVID-19. Í stríðshrjáðu landi með kóleru og vannæringu, skortir getu til að takast á við banvænan veirufaraldur. Fimm ára stríð hefur næstum eyðilagt meira en helming heilbrigðiskerfisins.

Landið er því afar illa búið til að takast á við farsóttir. Enn hefur ekki verið skjalfest neitt COVID-19 tilfelli í Jemen, en í átakahéruðunum Al-Jawf og Marib hefur færst meiri ró yfir, þar sem stríðandi fylkingar undirbúa sóttvarnir.

Strákur í Sana-borg með hlífðargrímu. Meira en tuttugu milljónir glíma við matvælaóöryggi og helmingur á barmi hungursneyðar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Meira en 100.000 Jemenar hafa látið lífið vegna stríðsátaka, skorts á matvælum, heilbrigðisþjónustu og innviðum, frá árinu 2015.

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

LAGERSALA

SÍÐUSTU EINTÖKIN

20-50% AFSLÁTTUR

Verðdæmi

50%

ISABELLA - 160X200 CM DÝNA

ÚTSÖLUVERÐ 23.920 KR

FULLT VERÐ 47.840 KR

180X200 CM DÝNA

ÚTSÖLUVERÐ 41.790 KR

FULLT VERÐ 83.580 KR

50%

DAISY - 160X200 CM DÝNA

ÚTSÖLUVERÐ 18.920 KR

FULLT VERÐ 37.840 KR

180X200 CM DÝNA

ÚTSÖLUVERÐ 36.790 KR

FULLT VERÐ 73.580 KR

50%

POPPY - 160X200 CM DÝNA

ÚTSÖLUVERÐ 15.290 KR

FULLT VERÐ 31.840 KR

180X200 CM DÝNA

ÚTSÖLUVERÐ 33.790 KR

FULLT VERÐ 67.580 KR

50%

GRACE - 160X200 CM DÝNA

ÚTSÖLUVERÐ 16.420 KR

FULLT VERÐ 32.840 KR

180X200 CM DÝNA

ÚTSÖLUVERÐ 34.290 KR

FULLT VERÐ 68.580 KR

-20%

COMO

NETTUR OG ÞÆGILEGUR HÆGINDASTÓLL

ÚTSÖLUVERÐ 35.920 KR

FULLT VERÐ 44.900 KR

LITIR GRÁR OG KREM

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan HEILSURÚM

FRÉTTABLAÐIÐ
SKOÐUN

Meðölin

Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Þar kom að því að ríkisstjórnin stigi fram og kynnti aðgerðir sínar til að styðja við efnahagslífið í þessum dæmafáu aðstæðum sem nú ríkja. Þær eru í tíu liðum sem sumir eru líklegir til að koma að einhverju gagni, þó einstaka geti reynst seinvirkir.

Fram undan er krappur dans í rekstri fyrirtækja. Víða hafa tekjurnar þurrkast upp, en gjöldin ekki. Þegar líður að mánaðamótum hrannast upp gjalddagarnir, laun, húsaleiga, greiðslur fyrir aðföng og aðkeypta þjónustu. Ekki þarf að útlista að keðjuverkun hefst fljótt ef greiðslufall verður meðal fyrirtækja.

Því þarf að bregðast hratt við áður en allt hleypur í harðan hnút. Nokkrum aðgerðum ríkisstjórnarinnar er beint að þessari stöðu. Frestur á skilum staðgreiðslu sem fyrirtækin halda eftir af launum starfsmanna og frestur á greiðslu tryggingagjalds eru dæmi um það. Ekki virðast hugmyndir sem voru á sveimi fyrir helgina, um frest skila á innheimtum virðisaukaskatti, hafa fengið hljómgrunn, sem hefði í þessari stöðu verið til mikilla bóta. Það mun reynast mörgum fyrirtækjum í fjölda atvinnugreina erfitt að greiða laun um næstu mánaðamót. Hlutabætur, þar sem starfshlutfall er fært niður, kemur þar ekki að gagni, þar sem fólk á kröfu á launum fyrir þegar veitt vinnuframlag. Um nýtt starfshlutfall gildir annað, en gildir þá fyrir aprílmánuð trúlega. Það er því aðsteðjandi bráðavandi.

Stjórnvöld munu deila áhættu af lánveitingum viðskiptabankanna til fyrirtækja til hálfs á móti bönkunum. Eiginfjárkröfur til banka hafa einnig verið lækkaðar svo þeir geti aukið lán til heimila og lífvænlegra fyrirtækja.

Skilyrðið er að fyrirtækin séu í lífvænlegum rekstri og það mat verður í höndum viðskiptabanka þeirra. Til að ákvarða það svo vit sé í þarf því að fara fram nákvæm skoðun á rekstri, efnahag og áætlunum fyrirtækjanna. Við blasir að það er risavaxið verkefni sem ekki er beinlínis hlaupið að. Aðeins stærstu fyrirtæki hafa til dæmis lokið uppgjörsvinnu vegna síðasta árs. Þá eru rekstraráætlanir þeirra flestra í algeru uppnámi eftir að aðstæður allar hafa gerbreyst eins og hendi sé veifað og enginn veit hvenær tekjurnar vaxa á ný. Innan fyrirtækjanna þarf því að setja allt á annan endann við að ljúka þessari uppgjörsvinnu og endurskoðun áætlana samhliða. Þetta þarf að gera um leið og glímt er við miklar áskoranir við daglegan rekstur.

Þegar allt þetta talnaefni er tilbúið þarf svo viðskiptabankinn að leggja mat á raunhæfi áætlananna, meta styrk efnahags og mynda sér skoðun á rekstri fyrirtækjanna til frambúðar. Þetta allt getur reynst seinlegt og tímafrekara en virðist, fljótt á litið. Engan tíma má þó missa því klukkan gengur miskunnarlaust.

Mikilvægast af þessu öllu er að við úrlausnina verði gætt jafnræðis þannig að sama lausn sé boðin fyrirtækjum í sambærilegri stöðu.

Það er því langur vegur frá því að menn geti varpað öndinni léttar, þó öll él stytti upp um síðir.

Meðölin verða að virka og mega ekki vera skaðlegri en meinið sem þau eru gefin við.

Nokkrum aðgerðum ríkisstjórnarinnar er beint að þessari stöðu.

Halldór

Frá degi til dags

Læra táknmál

Yfirvöld hérlendis hafa staðið sig afar vel í að upplýsa almenning í kórónafaraldrinum skæða, sem hefur lamað allt þjóðfélagið sem og heimsbyggðina alla. Sú upplýsingagjöf hefur róað marga. Það er einnig afar jákvætt að sjá hversu sjálfsögð sú þjónusta er, að þýða það sem fram fer á hinum ýmsu fundum umsvifalaust yfir á táknmál. Heyrst hefur að samfélag Pólverja á Íslandi, sem telur um 20 þúsund einstaklinga, íhugi alvarlega að bjóða upp á táknmálsnámskeið fyrir sitt fólk, enda er það líklega auðveldari leið en að reyna að læra íslensku. Þess ber þá að geta að síðan covid.is er þýdd yfir á ensku og pólsku, sem er vel.

Dökkir dagar

Íslenskir frjálshyggjumenn eru margir hverjir að upplifa slæmar stundir þessa dagana. Fyrir einstaklinga sem berjast fyrir minni ríkisafskiptum, þá særir það eflaust stoltið að hlaupa í pilsfald ríkisins og biðjast vægðar. Þeir forhertustu láta það þó ekki á sig fá. Þannig rifjast upp saga af Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni sem var í miðri kennslustund í Háskóla Íslands þegar fréttir bárust af þjóðnýtingu Glitnis í efnahagshruninu. Án þess að hika lýsti Hannes því yfir að hann yrði ungur í anda við tíðindin því nú gæti hann farið að berjast fyrir einkavæðingu bankanna. **bjornth@frettabladid.is**

Ný norræn stjórnarskrá

Hrannar Björn Arnarsson
formaður Norræna félagsins á Íslandi

Dagur Norðurlandanna er í dag en fyrir 58 árum undirrituðu norrænu ríkin Helsinki-samkomulagið sem æ síðan hefur gilt sem „stjórnarskrá" norræns samstarfs.

Norðurlöndin eru þekkt fyrir mikla velmegun, frjálslyndi, jafnrétti, lýðræðislega þátttöku, öryggi og jöfnuð. Sameinuð eru Norðurlöndin nú meðal tíu stærstu efnahagsstórvelda heimsins og meðal þeirra fimm stærstu í Evrópu. Að þessu sinni er dags Norðurlandanna minnst í skugga kórónaveirunnar og sjaldan eða aldrei hefur mikilvægi samstarfs og samstöðu þvert á landamæri verið augljósara. Þessi sannindi eiga ekki bara við um kórónaveiruna og viðbrögðin við henni, heldur blasir við að flestar af stærstu áskorunum samtímans virða engin landamæri. Ég nefni þar vaxandi flóttamannastraum, Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og hamfarahlýnun jarðarinnar sem dæmi.

Þótt margt hafi heppnast vel við þróun norræns velferðarsamfélags, er komið að tímamótum. Aðstæður í samtímanum krefjast stærri skrefa og svarið liggur í stórauknu samstarfi þvert á landamæri. Norrænt samstarf þarf nýja stjórnarskrá, nýjan samstarfssáttmála sem tryggir skilvirkari samvinnu, bætt lífsgæði og aukinn slagkraft Norðurlandanna til að takast á við þau stóru verkefni sem Norðurlöndin og heimsbyggðin öll stendur nú frammi fyrir.

Sameiginlegar, bindandi ákvarðanir, samnorrænar lykilstofnanir, sameiginlegt regluverk á mikilvægum sviðum og norrænn ríkisborgararéttur eru allt úrræði sem gætu stóraukið möguleika okkar til að takast á við verkefni framtíðarinnar, en rúmast illa innan þess ramma sem núverandi samstarf byggist á. Skrefið áfram þarf þó ekki að vera neitt risaskref – og í raun er vilji og kjarkur stjórnmálamanna allt sem þarf.

Í hverri skoðanakönnuninni á fætur annarri hefur komið fram nær órofa stuðningur við náið norrænt samstarf. Breytt heimsskipun og þau krefjandi verkefni sem heimsbyggðin stendur frammi fyrir krefjast þess, að þessum eindregna vilja verði nú umbreytt í nýjan veruleika – norrænum samfélögum og heimsbyggðinni allri til heilla.

Skrefið áfram þarf þó ekki að vera neitt risaskref – og í raun er vilji og kjarkur stjórnmálamanna allt sem þarf.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Kristjón Kormákur Guðjónsson *kristjon@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Tíminn og veiran

Í DAG

Guðmundur Steingrímsson

Þann 19. febrúar síðastliðinn hélt hópur fólks í góðu stuði í siglingu niður Colorado ána, í 25 daga ferð um Miklagljúfur, þar sem tjaldað var á árbökkum og náttúrunnar notið í algjöru sambandsleysi við umheiminn. Ekkert gsm. Ekkert net. Þegar hópurinn lagði í hann ríkti ferðabann til og frá Wuhan og fólki var ráðlagt að sýna aðgát í ferðalögum til Hong Kong og Japan. Annars allir rólegir. Þegar hópurinn kom á leiðarenda þann 14. mars, beið þeirra á bakkanum þungbúinn maður með mikil tíðindi. Veiran var komin til Bandaríkjanna. Þúsundir smita. Samkomubann á stórum svæðum. Ekkert knús. Engir kossar. Sex fetin, sem vanalega eru notuð til að ákvarða dýpt grafar, voru núna sú fjarlægð sem skyldi viðhalda milli alls fólks í daglegu lífi. Hópurinn trúði þessi auðvitað ekki fyrst. Sumir glottu. Aðrir hlógu. En svo kveiktu þau á símunum sínum.

Merking orðsins óvissa

Óvissa er orð sem að jafnaði er mikið notað. Talað er um óvissutíma við alls konar tilefni. Þetta er orð sem getur auðveldlega misst merkingu sína, því auðvitað er lífið jú alltaf óvissa. Enginn veit almennt hvað gerist á morgun. Á svona tímum hins vegar þegar fyrirsagnir, sem maður hafði aldrei getað ímyndað sér að maður myndi sjá á sinni lífsleið, birtast manni á netmiðlum á degi hverjum, þá opinberast manni alveg ný og tær merking þessa hugtaks: Óvissa. Maður bókstaflega getur ekki hugsað sér með nokkru móti hvað gerist næst. Maður sér ekki hvernig veröldin verður. Heilinn nær ekki utan um það.

Í upphafi einnar vikunnar ætluðu þrjár vinkonur í ferð saman til Póllands, sem þær höfðu hlakkað til lengi. Þær voru brattar. Á miðvikudegi fannst einni þó hugsanlega skynsamlegt að fresta ferðinni. Skiptar skoðanir voru þó í hópnum. Ástandið var ekki svo slæmt. Örfá smit í Póllandi. Voða, voða. En jú, þær frestuðu. Á föstudegi var búið að loka Póllandi.

Hvernig mun okkur líða?

Þetta er alveg nýtt. Heilinn, veröldin, vírus og veldisvöxtur. Hvernig á maður að ná utan um stærðirnar og þróunina? Á laugardaginn fyrir viku féllu 175 manns í valinn á Ítalíu vegna covid. Á laugardaginn síðasta, einungis viku síðar, létust 793. Svona þróun storkar öllum mælikvörðum. Vika er orðin eitthvað allt annað en vika. Og hvað þýða þessar tölur? Hér hjálpar að fá samhengi. Við venjulegar kringumstæður kveðja um 1700 manns á Ítalíu þennan heim á degi hverjum, vegna hárrar elli eða af öðrum orsökum. Það er eðlilegt. Átta hundruð manns til viðbótar á einum drottins degi er katastrófa. Harmleikur. Skelfing.

Enn sér ekki fyrir endann. Alma, Víðir og Þórólfur sögðu okkur Íslendingum í liðinni viku að nú værum við að byrja ferðina upp kúrfuna. Líklega mun þessi kúrfa ná hápunkti um miðjan apríl segir Alma. Það er eftir þrjár vikur. Á tímum þegar vírus hefur breytt allri tímaupplifun og vika er orðin eitthvað allt annað en vika, þá eiginlega finnst manni best að gefast nokkurn veginn algerlega upp í þeirri viðleitni sinni að reyna að spá fyrir um framtíðina. Nokkrir dagar eru liðnir af íslensku samkomubanni. Hvernig mun okkur líða eftir 30 daga? Ég er þegar farinn að þróa með mér vænisýki í verslunum. Hendurnar mínar eru að skrælna út af handþvotti. Ég er farinn að sakna hinna hversdagslegustu snertinga. Ég vissi ekki hvernig ég ætti að heilsa kunningja mínum í búð um daginn. Paníkeraði. Gekk bara áfram. Held hann hafi ekki séð mig. Allt er í klessu og ástandið er rétt að byrja. Ætli sé ekki best að tefla fram annarri klisju á móti hinni um óvissuna og nota tímann til þess að ljá þeirri klisju líka dýpri og tærari merkingu en nokkru sinni fyrr: Lifum í núinu.

Í bátum

Skref fyrir skref, eins og Eyjólfur söng. Þau eru bara orðin svo furðuleg þessi skref. Hvar verður stigið niður næst? Pirringur er að aukast, segir Víðir. Mun verða veldisvöxtur á honum líka? Hvenær brjálast besserwisserar? Hvenær súrnar á samfélagsmiðlum? Enn er hann aðdáunarverður, samtakamátturinn. Og enn er hægt að hlæja. Móðir mín í kví kví. Breytt merking. Chuck Norris fékk veiruna og veiran er enn þá að jafna sig. Ég hló. Apótek auglýsir á netinu, með óheppilegri orðaskiptingu, "minnum á heimsendi... [lesa meira] ...ngarþjónustu."

Við skulum þó líka búa okkur undir hitt, á þessum óvissutímum, að veruleikinn hvolfist yfir okkur öll með áður ófyrirséðum ógnarþunga. Að sálin fari á staði sem við vissum ekki af. Að ástvinir veikist. Að fólk deyi.

Við erum öll í bátum á leið niður Miklagljúfur. Enginn okkar veit hvernig veröldin verður þegar við loksins komumst á áfangastað. En eitt er ómetanlegt: Við förum þetta saman.

TILMÆLI TIL VIÐSKIPTAVINA VEGNA COVID-19

Sýnum skynsemi og fyrirhyggju

Við hvetjum viðskiptavini okkar til að sýna aðgát og draga úr smithættu eins og kostur er.

Góðar leiðir til þess eru að **forðast annatíma** og koma í Vínbúðina fyrri hluta dags eða í upphafi vikunnar þegar minna er að gera. Einnig er sjálfsagt að **handleika ekki vörurnar í versluninni að óþörfu** og síðast en ekki síst að **nota rafræna og snertilausa greiðsluláta**.

vinbudin.is

VÍNBÚÐIN

Hjónakorn sem eru með hjarta úr gulli

Robert Lewandowski, hjá FC Bayern, og kona hans Anna, hafa gefið milljón evrur í baráttuna gegn COVID-19 og feta þar með í fótspor annarra íþróttamanna sem láta sig veiruna varða. Ronaldo, Sadio Mane og Roman Abramovich hafa allir gert góðverk.

Pólverjinn Robert Lewandowski, leikmaður FC Bayern, hefur gefið eina milljón evra, um 150 milljónir króna, til góðgerðarmála í baráttunni gegn COVID-19. Fjölmargir knattspyrnumenn hafa sýnt að þeir hafa hjarta úr gulli og rétta fram hjálparhönd á þessum erfiðu tímum.

Cristiano Ronaldo og umboðsmaður hans, Jorge Mendes, ætla að styðja sjúkrahús í Portúgal og hafa þegar keypt hlífðarfatnað handa sjúkrastarfsmönnum og þrjár öndunarvélar, en ætla að bæta við því sem þarf. Roman Abramovich, eigandi Chelsea, Gary Neville, sparkspekingur og auðvitað Sadio Mane, leikmaður Liverpool, hafa allir sett peninga eða eigur sínar til aðstoðar.

Joshua Kimmich og Leon Goretzka, samherjar Lewandowski hjá FC Bayern, gáfu 500 þúsund evrur hvor í baráttunni og fengu Leroy Sane með sér í lið en Lewa, eins og hann er kallaður, bætti um betur. Hann og Anna, kona hans, eru þekkt fyrir að vera með hjarta úr gulli og hafa staðið fyrir fjáröflunum í mörg ár og gefið einnig duglega úr sínum eigin sjóðum til þeirra sem minna mega sín.

Anna, sem er næringarfræðingur og útskrifuð úr íþróttaháskólanum í Varsjá er með gífurlega vinsæla vefsíðu, healthyplanbyann.com, þar sem hún fjallar um næringu, æfingar og heilsu almennt, var á árum áður ein fremsta karatekona Evrópu og á sex verðlaun frá EM, þrenn frá HM og 29 innan Póllands. Þau giftu sig árið 2013 og eiga eina dóttur.

Lewandowski útskrifaðist úr íþróttaháskólanum í Varsjá með íþróttakennaragráðu eftir að hafa skilað inn lokaritgerð árið 2017 með áherslu á þjálfun og stjórnun.

Sagan fræga af eldgosinu

Ferill Pólverjans hefði getað orðið svo allt annar, ef ekki hefði verið fyrir eldgosið í Eyjafjallajökli fyrir um áratug. Hann var búinn að slá í gegn með Znicz Pruszków og Lech Poznan í heimalandinu og skora eins og óður maður. Fjölmörg lið höfðu áhuga á kappanum og var Dortmund að leiða kapphlaup um undirskrift hans. Blackburn kom þó seint inn og bauð vel. Í samtali við ESPN árið 2019 sagði Lewa að hann hefði vel getað hugsað sér að spila í ensku úrvalsdeildinni og væri að fara til Englands að skoða aðstæður. Það breyttist þó þegar flugbann var sett á Evrópu vegna eldgossins og Jürgen Klopp og félagar í Dortmund brunuðu landleiðina og sóttu kappann.

"Ég gat ekki flogið vegna eldgossins. Dortmund var alltaf í fyrsta sæti hjá mér, en mig langaði að kíkja á aðstæður hjá Blackburn, því ég vissi lítið um félagið. Ef ég hefði farið hefði Blackburn kannski orðið félag númer eitt hjá mér, ef ég hefði séð völlinn og æfingaaðstöðu og fleira. Þá hefði ég vel getað samið við þá," sagði Lewandowski við ESPN.

Lewandowski er fæddur í Varsjá 1988 inn í mikla íþróttafjölskyldu. Mamma hans spilaði blak á meðan faðir hans var í júdó og fótbolta. Og þau voru ekkert að stunda sínar íþróttir til að grínast. Alls ekki. Þau voru afreksíþróttamenn. Faðir hans lést árið 2005, en þeir voru nánir, og hefur Lewandowski talað fallega um samband þeirra.

Lewandowski meiddist illa á unglingsárum og fékk ekki samning hjá Legia Varsjá þar sem hann var að æfa. Hann var búinn að jafna sig af meiðslunum sumarið 2006 og þriðju deildar liðið Znicz Pruszków tók sénsinn á guttanum. Þar byrjaði hann að vekja eftirtekt fyrir markanefið sitt. Hann skoraði 15 mörk á sínu fyrsta tímabili og liðið fór upp um deild. Ári síðar komst félagið í efstu deild og Lewandowski fór að gera það að vana, að skora nánast 20 mörk plús á tímabili. Stórlið Lech Poznan keypti pilt í júní 2008 og á tveimur tímabilum þar á bæ skoraði hann 32 mörk í 58 leikjum. Síðara tímabilið hans varð Poznan meistari og skoraði Lewa 18 mörk í deildinni og varð markahæstur.

Fjölmörg lið höfðu áhuga á pilti en Dortmund varð fyrir valinu. Hann svo sem sló ekkert í gegn á sínu fyrsta tímabili. Potaði inn einhverjum átta mörkum en eftir að Lucas Barrios meiddist í Copa America þurfti Jürgen Klopp að finna framherja. Og Klopp er jú einhvers konar töframaður og treysti á Pólverjann unga. Gerði úr honum einhvern stórkostlegasta framherja nútímans. Lewandowski hefur jú allt sem góð nía þarf að hafa. Hann er stór, er merkilega fljótur, hreyfir sig gríðarlega vel inni í teignum, þannig það er erfitt að dekka hann, og þá er hann nánast jafn góður með hægri og vinstri. Þó hans aðalkostur sé að vera inni í teig andstæðinganna, er hann einnig ótrúlega góður að halda boltanum með bakið í markið.

Hjá Dortmund var hann í fjögur ár og raðaði inn mörkum og varð einn eftirsóttasti framherji heims. Það kom þó lítið á óvart að hann skyldi semja við FC Bayern. Þar hefur hann haldið áfram að raða inn mörkum og sett alls konar met. Þar er hann enn og lifir sínu draumalífi.

Þó hann sé ein stærsta stjarna fótboltans hefur hann báða fætur á jörðinni. Þau hjónakornin hafa gefið stórar fjárhæðir til Barnaspítalans í Varsjá og hafa borgað aðgerðir fyrir börn sem ekki hafa efni á slíkum. Það þarf því lítið að koma á óvart að hann sé sendiherra hjá UNICEF og sé þar ásamt átta öðrum Pólverjum. Enginn Íslendingur er á þeim lista.

Lewandowski hefur sett alls konar met í gegnum ferilinn með markaskorun sinni. Eitt met sem hann náði þó aðeins að jafna, var met Atla Eðvaldssonar, fyrir fimm mörk í einum leik. Atli skoraði fimm mörk fyrir Fortuna Düsseldorf gegn Frankfurt árið 1983, en Lewandowski gerði það gegn Wolfsburg. Mörkin fimm komu á níu mínútum.

HETJA HELGARINNAR

Hann sýnir hversu góður hann er um hverja helgi. Hann er einn af þeim bestu og kannski besti framherji heims í dag. Hann skorar mörk í næstum því öllum leikjum og mér finnst hann vera í flokki með þeim Messi og Ronaldo."

David Alaba

Robert Lewandowski

Krzysztof, pabbi hans, vildi að hann héti alþjóðlegu nafni, svo það væri auðveldara fyrir hann að komast að í Evrópu sem atvinnumaður. Móðir hans spilaði blak með AZS í Varsjá og varð síðar varaforseti liðsins. Systir hans hefur leikið unglingalandsleiki með Pólландi í blaki, en hætti fyrir skemmstu.
Lewandowski hefur sett mörg merkileg markamet og í byrjun tímabilsins skoraði hann í níunda opnunarleiknum í röð. Hann hefur skorað yfir 200 mörk í Búndeslígunni og er markahæsti útlendingurinn. Þá á hann metið yfir fljótustu þrennuna eða þrjár mínútur og 22 sekúndur. Hann á einnig metið yfir fljótustu fernuna, en það tók hann 5 mínútur og 42 sekúndur að skora mörkin fjögur. Og viti menn. Þegar hann skoraði fimm mörk á rúmum níu mínútum þá var það einnig met.

FÓLK
Lífsstíll
MÁNUDAGUR 23. MARS 2020

Iva Marín Adrichem varð flestum landsmönnum kunn eftir frammistöðu sína í Söngvakeppni Sjónvarpsins í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Langar að skapa meira af sinni eigin tónlist

Iva Marín vakti athygli landsmanna í vor þegar hún flutti lagið Oculus Videre í Söngvakeppni Sjónvarpsins og náði þriðja sæti í símakosningu. Iva stundar söngnám í Rotterdam en er komin heim vegna COVID-19 faraldursins. →2

Framhald af forsíðu

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is

Þegar blaðamaður náði tali af Ivu var hún stödd á Luton flugvelli að bíða eftir flugi til Íslands, en hún hefur búið í Hollandi frá árinu 2018 þar sem hún lærir klassíska söng í Tónlistarháskólanum í Rotterdam. „Þetta er annað árið mitt í skólanum, líklega af fjórum, þar sem miðað er við að BA-námið taki fjögur ár," segir Iva. En nú hefur öll kennsla lagst af til að minnsta kosti 6. apríl vegna heimsfaraldursins og Iva segir að ekkert sé vitað um framhaldið.

„Ég er þess vegna að fara heim til þess að vera með nánasta fólkinu mínu. Það er spáð útgöngubanni fljótlega í flestum löndum Evrópu og þá er betra að vera bara í örygginu heima hjá fjölskyldunni minni," segir hún, en bætir við að það sé skrýtið að hafa ekki hugmynd um hvað taki við og hversu lengi hún verði í burtu frá náminu.

Iva Marín Adrichem á hollenskan föður og íslenska móður og talar því bæði góða hollensku og íslensku, sem hún segir að hafi vissulega gert flutningana til Hollands auðveldari fyrir sig. „Ég á líka fjölskyldu úti, að vísu frekar langt frá Rotterdam, en ég reyni að heimsækja þau í hverjum mánuði," segir hún.

„Það voru skemmtileg viðbrigði að flytja út og standa á eigin fótum. Ég hélt það yrði meira mál en það varð. Maður vonar oft það besta en býst við því versta einhvern veginn. Mér hefur fundist gaman að prófa að búa ein, kynnast einhverju nýju og finna mig betur."

Hefur sungið frá barnæsku

Iva hefur verið viðloðandi söng frá barnæsku. Hún stundaði nám í Söngskólanum í Reykjavík og tónlistarskóla Garðabæjar, þar sem hún ólst upp að mestu. „Ég hef verið að læra söng frá því ég var svona 12-13 ára. Það hefur alltaf verið draumurinn að verða atvinnusöngkona. Hjá flestum sem hafa þann draum fer áhuginn eitthvert annað en þetta hefur alltaf verið markmiðið hjá mér," segir hún.

Iva segir að það hafi verið tilviljun að hún sendi lag inn í Söngvakeppni Sjónvarpsins síðasta haust, en lagið samdi hún með Richard Cameron.

„Richard er gamall vinur pabba míns en ég kynntist honum ekkert almennilega fyrr en ég flutti til Rotterdam. Hann hefur verið búsettur í Berlín í mörg ár og hafði samband við mig þegar hann var í stuttri heimsókn í Rotterdam og spurði hvort ég væri til í hádegismat með sér. Upp úr því hófst skemmtilegt samstarf. Hann er náttúrulega mjög reyndur pródúsent og lagahöfundur og það er mjög gaman að vinna með honum."

Það varð úr að þau sömdu lagið Oculis Videre saman og ákváðu að senda það inn í forvalið. „Það kom okkur rosalega á óvart að við værum valin í topp 10," segir Iva, sem hefur átt þann draum frá því hún var barn að taka þátt í keppninni enda hefur hún fylgst með henni ár eftir ár, bæði söngvakeppninni hér heima og Eurovision keppninni sjálfri.

Iva segir þátttökuna í söngvakeppninni hafa verið dýrmæta reynslu. „Ég myndi segja að þetta hafi verið stærsta verkefni sem ég hef tekið þátt í hingað til, en þau verða vonandi mörg fleiri. Söngvakeppnin er rosalega flottur stökkpallur fyrir ungt fólk."

Það hefur verið draumur Ivu frá barnæsku að gera sönginn að atvinnu. MYND/RICHARD CAMERON

Iva lýsir tónlistinni sinni sem draumkenndri. MYND/EDLAND MAN

„Það væri gaman að fylgja útgáfu nýju laganna eftir með tónleikaprógrammi. En við bíðum bara og sjáum hvað verður.

Hún segist hafa verið í sjokki þegar hún frétti að Eurovision keppninni í Rotterdam hefði verið aflýst. „Það er nánast óhugsandi, þetta er svo mikill partur af vorinu hjá manni að fylgjast með Eurovision. Svo allt í einu, í fyrsta sinn í 64 ár er keppnin ekki haldin."

Óvissan er mikil núna

Iva hafði vonast til að geta mætt allavega eitt kvöld í höllina í Rotterdam til að fylgjast með. Annars var það á planinu hjá henni að túra með kammerkórnum í skólanum sínum á sama tíma en núna er óvissan um hvað verður mikil.

„Ég og Richard erum í áframhaldandi samstarfi með nokkrum flottum tónlistarmönnum frá Berlín. Við höfum verið í stúdíói og ég er búin að taka upp tvö lög. Það er spurning hversu mikið vinnslunni á þeim seinkar út af vírusnum. En ef allt gengur vel þá gef ég eitthvað út núna í lok apríl. Það verður þá aðgengilegt á öllum helstu streymisveitum."

Iva segir að einnig hafi verið á dagskrá að syngja mikið um páskana en því hafi öllu verið aflýst. Hún stefnir því að því að nýta tímann á Íslandi til að læra. „Það er verið að reyna að halda uppi einhverri fjarkennslu og svo missti ég líka mikið úr út af söngvakeppninni og ætla að vinna það upp. En þátttakan var alveg skóli út af fyrir sig. Ég lærði meira á þessum eina mánuði en ég hef lært á tveimur árum í skólanum. Maður er að vinna með professional fólki alla leið. Það er mjög góð reynsla og frábært að vera búin að þessu 21 árs gömul."

Hvort Iva taki einhvern tímann aftur þátt í söngvakeppninni á svo eftir að koma í ljós. Hún segir að það verði allavega einhver bið á því.

„Mig langar að fara að skapa meira sjálf. Það er svo mikill munur á að keppa í tónlist og að skapa sitt eigið og vera ekki háð neinni formúlu eða tímalengd. Það væri gaman að geta fylgt útgáfu nýju laganna eftir með tónleikaprógrammi. En við Richard stefnum á að gefa út fleiri lög. Planið var að nýta sumarið vel. En við bíðum bara og sjáum hvað verður."

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103,

Fasteignablaðið

12. TBL. MÁNUDAGUR 23. MARS 2020

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS

LANDMARK FASTEIGNAMIÐLUN

Andri Sigurðsson Lögg. fast. og eigandi
Sigurður Samúelsson Lögg. fast. og eigandi
Sveinn Eyland Lögg. fast og eigandi
Þórey Ólafsdóttir Lögg. fast. og eigandi
Júlíus Jóhannsson Lögg. fast. og eigandi
Monika Hjálmtýsdóttir Lögg. fast. og eigandi
Þórarinn Thorarensen Lögg. fast. og eigandi
Ingibjörg A. Jónsdóttir Löggiltur fast.
Eggert Mariuson Löggiltur fast.
Jón Óskar Löggiltur fast.
Guðrún D. Lúðviksdóttir Löggiltur fast.
Helga Snorradóttir Skrifstofa/skjalavinnsla
Ása Pöll Ragnarsdóttir Skjalavinnsla/móttaka

Hlíðasmára 2
201 Kópavogi
Sími: 512 4900
www.landmark.is
landmark@landmark.is

Vandað raðhús í Bryggjuhverfi

Bogi Molby Pétursson fasteignasali kynnir til sölu: Vandað 232,6 fm raðhús við höfnina á útsýnisstað í Bryggjuhverfinu.

Fallegt raðhús í Bryggjuhverfinu er nú til sölu.

Húsið er á þremur hæðum ásamt stofupalli yfir 3. hæðinni. Stúdíóbúð er á jarðhæð, með sérinngangi. Tvöfaldur bílskúr, sólpallur og tvennar svalir. Möguleiki á 4 svefnherbergjum í húsinu ásamt aukaíbúð á jarðhæð. Aðalinngangur í húsið er á 2. hæð á vesturhlið og einnig innangengt úr bílskúr.

1. hæð: Stúdíóíbúð með baðherbergi. Þvottahús, tvöfaldur bílskúr.
2. hæð: Anddyri, tvær stofur, eldhús og baðherbergi.
3. hæð: Stofa, hjónaherbergi, fataherbergi, baðherbergi.
4. hæð: Pallur opinn niður á 3. hæð.

Aðalinngangurinn snýr út að höfninni í vestur. Gengið er upp tröppur upp á fallega verönd með glæsilegu útsýni yfir höfnina. Anddyri flísalagt með skáp. Næst er komið inn í bjarta borðstofu sem er opin inn í fallegt eldhús sem er rúmgott með góðum skápum. Eldhúsinnréttingin er úr hlyni og borðplata úr graníti. Eyja með helluborði og gufugleypir þar fyrir ofan. Frá borðstofu liggur stigi með tröppum úr hlyni upp í betri stofu. Þaðan er útsýni vestur yfir höfnina og gengið út á vestursvalir. Mikil lofthæð er í stofunni og opið upp á efsta pall.

Baðherbergi með baðkari með sturtu og góð baðinnrétting úr hlyni. Marmari er á gólfi.

Frá betri stofu liggur gangur inn í hjónaherbergissvítu. Hjónaherbergið sjálft er með tveimur fallegum kvistgluggum. Fyrir framan hjónaberbergið er fataherbergi með skápum. Á móti fataherbergi er baðherbergi með sturtuklefa og innréttingu .

Nánari uppl. gefur Bogi Molby Pétursson fasteignas. sími 6993444.

MIÐBORG fasteignasala

ERT ÞÚ Í SÖLUHUGLEIÐINGUM?
Við erum til þjónustu reiðubúin
-örugg fasteignaviðskipti

Elín Viðarsdóttir
Löggiltur fasteignasali

Björn Þorri Viktorsson hrl.
Löggiltur fasteigna- og skipasali

Sólveig Fríða Guðrúnardóttir
Nemi til löggildingar í fasteignasölu og lögfræðingur.

MIÐBORG FASTEIGNASALA - SUNDAGARÐAR 2 - 104 REYKJAVÍK - SÍMI: 533 4800
www.midborg.is

ÁLFHÓLSVEGUR 73 – 200 KÓP

ÁLFHÓLSVEGUR 73 – 200 KÓP

BÓKAÐU SKOÐUN
- Nýjar 3ja og 4ra herbergja íbúðir í fjórbýlishúsi á grónum stað.
- Íbúðir eru 108.7 – 119.3 fm að stærð.
- Sérinngangur er í allar íbúðir, góðar svalir og sérafnotareitur.
- Íbúðir afhentar fullbúnar án aðalgólfefna en búið að flísaleggja votrými.
- Vandaðar innréttingar frá PARKA, tæki frá AEG og TENGI.
- Húsið er staðsteypt og skilað steinað að utan.
- Íbúðir eru lausar til afhendingar í APRÍL 2020.
- VANDAÐUR OG ÁBYGGILEGUR VERKTAKI.

V. 67.9 – 72.9 millj. Sveinn s. 6900.820

LANDMARK FASTEIGNAMIÐLUN
KAUPSÝSLAN FASTEIGNASALA
Hlíðasmára 2 201 Kópavogi Sími 512 4900

Sveinn Eyland
Lögg. fast og eigandi
sveinn@landmark.is
sími 690 0820

PRODOMO
FASTEIGNASALA

SUMARHÚS TIL FLUTNINGS

Gott 25 fm sumarhús með 9 fm verönd. Allir veggir innanhúss eru sérmeðhöndlaðir samkvæmt gömlum aðferðum. Gluggar eru olíubornir og lakkaðir, gereft á gluggum og gólfi eru sérunnin lituð og lökkuð. Einangrun í kringum glugga er tvöföld. Gólfið er einangrað sérstaklega. Fræst var fyrir rafmagni í gólfi og það er falið á bak við gerefti við gólf sem hægt er að skrúfa laus. Rafmagns kynding er í bústaðnum og búið er að setja upp 100 ltr heitavatns kút. Ekki er búið að leggja vatnslagnir. Sturtuklefi fylgir.

Allar nánari upplýsingar veitir Lilja Valþórsdóttir Lögg. fast. í s: 420-4030 / 860-6886 eða lilja@prodomo.is

EIGNAMIÐLUN

STAFSFÓLK EIGNAMIÐLUNAR VIRÐIR SAMKOMUBANN OG ÞVÍ BIÐJUM VIÐ ÁHUGASAMA AÐ BÓKA EINKASÝNINGU HJÁ SÖLUMÖNNUM

SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957

Kjartan Hallgeirsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 824 9093

Guðlaugur I. Guðlaugsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 864 5464

Sverrir Kristinsson
Löggiltur fasteignasali

Guðmundur Sigurjónsson
Lögfræðingur, löggiltur fasteignasali

Þórarinn M. Friðgeirsson
Löggiltur fasteignasali, sölustjóri
Sími 899 1882

Magnea S. Sverrisdóttir
MBA, löggiltur fasteignasali
Sími 861 8511

Hilmar Þór Hafsteinsson
Löggiltur fasteignasali, löggiltur leigumiðlari
Sími 824 9098

Brynjar Þ. Sumarliðason
BSc í viðskiptafræði, löggiltur fasteignasali
Sími 896 1168

Daði Hafþórsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 824 9096

EINBÝLISHÚS Í NORÐURMÝRI, 252,6 m²

105 REYKJAVÍK, 110.000.000 kr.

Sverrir Kristinsson
Lögg. fasteignasali
S. 861 8514/sverrir@eignamidlun.is

BÓKIÐ SKOÐUN

Vorum að fá í sölu virðulegt um 250 fm einbýlishús við Snorrabraut 79. Aðkoma að húsinu er frá Auðarstræti. Húsið er tvær hæðir og kjallari. Á 1. hæð eru þrjár samliggjandi stofur, eldhús, snyrting, hol og forstofa. Svalir eru útaf borðstofu og gengið þaðan út í garð. Á 2. hæð eru þrjú herbergi, baðherbergi og þvottahús (herbergi skv. teikningu). Svalir. Í kjallara er 2ja herb. íbúð en þar er einnig þvottahús, geymsla og fl. Húsið hefur verið töluvert endurnýjað, bæði að utan og innan, m.a. endursteinað. Hiti er í bílaplani og stétt að húsi.

BÚSTAÐAVEGUR 91, 75,8 m²

108 REYKJAVÍK, 41,9 mkr.

Brynjar Þór Sumarliðason
Lögg. fasteignasali
S. 896 1168/brynjar@eignamidlun.is

BÓKIÐ SKOÐUN

Virkilega góð og talsvert endurnýjuð þriggja herbergja 75,8 fm íbúð á efri hæð með sér inngangi. Nýlegt eldhús og gólfefni. Stækkunarmöguleikar.

LANGAMÝRI 12, 303,3 m²

210 GARÐABÆR,103,9 mkr.

Bjarni T. Jónsson
Lögg. fasteignasali
S. 895 9120/bjarni@eignamidlun.is



BÓKIÐ SKOÐUN

Mikið endurnýjað raðhús á góðum stað í hjarta Garðabæjar Húsið er á þremur hæðum með innbyggðum bílskúr. Sannkallað fjölskylduhús með 4 svefnherbergjum.
Að auki er tveggja herbergja íbúð í húsinu með sérinngangi bakatil. Viðhaldslétt lóð.

ÖLDUGRANDI 9- *ÍBÚÐ 103*

107 REYKJAVÍK, 39,9 mkr.

Ólafur H. Guðgeirsson
Lögg. fasteignasali
S. 663 2508/olafur@eignamidlun.is

HRINGIÐ Í 663-2508 OG BÓKIÐ EINKASÝNINGU

Vel hönnuð tveggja herbergja íbúð á jarðhæð, með stæði í bílakjallara. Björt stofa, rúmgott hálfopið eldhús, útgengi beint út í garð. Sérinngangur af svalagangi. Eignin er mjög vel staðsett nærri verslunum og þjónustu, og stutt í gönguleiðir og útvist.

ÁLFTALAND 7, 140,7 m²

108 REYKJAVÍK, 59,9 mkr.

Bjarni T. Jónsson
Lögg. fasteignasali
S. 895 9120/bjarni@eignamidlun.is

BÓKIÐ SKOÐUN

Talsvert endurnýjuð 4ra til 5 herberga íbúð á 2 hæðum á frábærum stað í Fossvoginum í Reykjavík. Íbúðin er samtals 140,7 m2 á 1. hæð í litlu fjölbýlishúsi. Eldhúsið og baðherbergið er endurnýjað.

STRIKIÐ 10, 100,7 m²

210 GARÐABÆR,59,9 mkr.

Bjarni T. Jónsson
Lögg. fasteignasali
S. 895 9120/bjarni@eignamidlun.is



BÓKIÐ SKOÐUN

Fyrir 60 ára og eldri. 3ja herb. glæsileg 100,7 fm íbúð ásamt stæði í bílageymslu í Sjálandi í Garðabæ. Íbúðin skiptist í forstofugang, hol, tvö svefnherbergi, baðherbergi með sturtu og innréttingu, stofu, eldhús og þvottahús innaf eldhúsi.

STÓRHÖFÐI 33, 1.052,6 m²

110 REYKJAVÍK

Ólafur H. Guðgeirsson
Lögg. fasteignasali
S. 663 2508/olafur@eignamidlun.is

BÓKIÐ SKOÐUN

Vandað skrifstofu og atvinnuhúsnæði í Stórhöfða 33, samtals 1.052,6 fermetrará tveimur hæðum. Efri hæðin hentar fyrir verslun og skrifstofur. Neðri hæðin, sem ekið er að neðan hússins, er 364,5fm.

NÖKKVAVOGUR 18, 190,5 m²

104 REYKJAVÍK, 79,9 mkr.

Þórarinn M. Friðgeirsson
Lögg. fasteignasali, sölustjóri
S. 899 1882/thorarinn@eignamidlun.is



BÓKIÐ SKOÐUN

221.6 fm mikið endurnýjað parhús á einstaklega góðum stað í Vogunum með bílskúr. Eignin hefur verið talsvert endurnýjuð á síðustu árum m.a hluti af gluggum og gleri, gólfefnum, innihurðum og innréttingum, raflagnir endurnýjaðar að hluta með flottri lýsingu í loftum rishæðar, endurn rafmagnstafla.

BRÍETARTÚN 11, 68,9 m²

101 REYKJAVÍK, 47,9 mkr.

Þórarinn M. Friðgeirsson
Lögg. fasteignasali, sölustjóri
S. 899 1882/thorarinn@eignamidlun.is



BÓKIÐ SKOÐUN

Ný glæsileg fullbúin 2ja herbergja útsýnisíbúð á 5. hæð í nýju vönduðu lyftuhúsi í miðborginni , íbúðin er 68.9 fm. Vandaðar innréttingar frá Parka. Kährs viðarparket (plankaparket) frá Birgisson. Blöndunartæki frá Tengi. Innbyggð uppþvottavél. Baðkar með sturtuaðstöðu.

KIRKJUTEIGUR 9, 347,1 m²

105 REYKJAVÍK, 139 mkr.

Kjartan Hallgeirsson
Lögg. fasteignasali
S.824 9093/kjartan@eignamidlun.is

BÓKIÐ SKOÐUN

Einbýlishús með sér auka íbúð og stórum bílskúr sem hefur verið mikið endurnýjað á síðastliðnum árum. Húsið er 275,1 fm og er bílskúr 72,0 fm, heildarflatarmál er því 347,1 fm.

SÓLVALLAGATA 33, 67,5 m²

101 REYKJAVÍK, 38,9 mkr.

Kjartan Hallgeirsson
Lögg. fasteignasali
S.824 9093/kjartan@eignamidlun.is



BÓKIÐ SKOÐUN

Falleg og mikið endurnýjuð 67.5 fm þriggja herbergja risíbúð með suður svölum og fallegu útsýni á eftirsóttum stað í Vesturbænum.

GRENSÁSVEGUR 11 SÍMI 588 9090

Hreiðar Levy Guðmundsson
Nemi til löggildingar fasteignasala
Sími 661 6021

Ármann Þór Gunnarsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 847 7000

Hrafnhildur Björk Baldursdóttir
Löggiltur fasteignasali
SÍMI 862 1110

Herdís Valb. Hölludóttir
Lögfræðingur og löggiltur fasteignasali
Sími 694 6166

Bjarni T. Jónsson
Viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali
SÍMI 895 9120

Ólafur H. Guðgeirsson
Rekstrarhagfræðingur og löggiltur fasteignasali
Sími 694 6166

Jenný Sandra Gunnarsdóttir
Skrifstofustjóri

Guðbjörg Matthíasdóttir
Lögfræðingur og löggiltur fasteignasali
Sími 588 9090

Ásdís H. Júlíusdóttir
Ritari

María Waltersdóttir
Móttökuritari

BERGÞÓRUGATA 15, 245 m²
101-REYKJAVÍK, 154,9 mkr.

Kjartan Hallgeirsson
Lögg. fasteignasali
S.824 9093/kjartan@eignamidlun.is

Þórarinn M. Friðgeirsson
Lögg. fasteignasali, sölustjóri
S. 899 1882/thorarinn@eignamidlun.is



Til sölu er heildareignin Bergþórugata 15, fjórar íbúðir, ein á hverri hæð. Íbúðirnar voru allar endurnýjaðar á árinu 2013 og nýtt þak byggt. Brúttó flatarmál eignarinnar er 245 fm. Verð 159,7 millj. Ótakmarkað gistileyfi fyrir 12 gesti er til staðar. Hægt er að kaupa allt innbú. Þrjú fastanúmer og hægt að kaupa eignina í hlutum

VESTURBERG 131, 215,5 m²
111 REYKJAVÍK, 76,9 mkr.

Daði Hafþórsson
Lögg. fasteignasali
S.824 9096/dadi@eignamidlun.is

Vesturberg 131, 215,5 fm 6 herbergja einbýlishús með bílskúr. Húsið er mjög vel við haldið og með góðan yfirbyggðan sólskála. Húsið er á þremur pöllum þó að aðalhæðin sé ríkjandi. Stór bílskúr með heitu og köldu vatni. Einn eigandi frá upphafi.

ÞORRAGATA 7, 150 m²
101 REYKJAVÍK, 70,9 mkr.

Magnea S. Sverrisdóttir
Lögg. fasteignasali
S. 861 8511/magnea@eignamidlun.is

Mjög falleg og vönduð 150 fm íbúð með innbyggðum bílskúr á 2. hæð í eftirsóttu húsi við Þorragötu. Íbúðin er skráð 130,8 fm og bílskúrinn 19,0 fm. Stórar glæsilegar stofu. Innangengt í bílskúr. Geymsla innaf bílskúr. Glæsilegt útsýni m.a. sjávar- og fjallasýn. Íbúðin er fyrir 63 ára og eldri.

LINDARGATA 39, 97,7 m²
101 REYKJAVÍK, 62,9 mkr.

Hreiðar Levy Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
S. 661 6021/hreidar@eignamidlun.is

Glæsileg og vönduð 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í miðbæ Reykjavíkur með rúmgóðum suðursvölum og sér bílastæði í bílageymslu í vönduðu fjölbýlishúsi. Gólfhiti er í allri íbúðinni. Frábær staðsetning.

MIÐTÚN 28, 83,3 m²
105 REYKJAVÍK, 44,9 mkr.

Daði Hafþórsson
Lögg. fasteignasali
S.824 9096/dadi@eignamidlun.is

Frábær nýuppgerð 3ja herbergja íbúð í Miðtúni. Húsið er allt nýstandsett, meðal annars dren og húsið endursteinað.

LINDARGATA 35, 127,7 m²
101 REYKJAVÍK, TILBOÐ

Hrafnhildur Björk Baldursdóttir
Lögg. fasteignasali
S. 862 1110/hrafnhildur@eignamidlun.is



Rúmgóð og falleg 3ja herbergja endaíbúð á 3ju og efstu hæð í lyftuhúsi ásamt sérgeymslu í kjallara og bílastæði í lokuðu bílastæðahúsi. Hvítar innréttingar og ljósar flísar á gólfum. Yfirbyggðar suðursvalir. Í bílastæðahúsi er búið að leggja rafmagn að hverju stæði fyrir rafhleðslustöð Örstutt göngufæri í lifandi menningu og þjónustu í hjarta miðborgarinnar.

GALTALIND 6, 111,2 m²
201 KÓPAVOGI, 51,9 mkr.

Þórarinn M. Friðgeirsson
Lögg. fasteignasali, sölustjóri
S. 899 1882/thorarinn@eignamidlun.is

111.2 fm 4 herb. íbúð á efstu hæð í fallegu frábærlega vel staðsettu litlu fimm íbúða fjölbýli í Lindahverfi í Kópavogi. Bæði grunn og leikskólar í nágrenninu og örstutt í mjög góða þjónustu. Efsta hæð með mikilli lofthæð og mjög góðu útsýni. Þrjú svefnherbergi, rúmgóð stofa, sérþvottahús innan íbúðarinnar. Hús í góðu standi.

GVENDAGEISLI 44, 138,9 m²
113 REYKJAVÍK, 56,5 mkr.

Daði Hafþórsson
Lögg. fasteignasali
S.824 9096/dadi@eignamidlun.is



Gvendargeisli 44, 138.9 fm 4- 5 herb. endaíbúð á efstu hæð í góðu vel staðsettu húsi. Sérinngangur af útitröppum. Vandaðar eikarinnréttingar. 4 rúmgóð herbergi (eitt teiknað sem geymsla) rúmgóð stofa og góðar suðursvalir með ágætu útsýni. Endastæði í bílageymslu fylgir íbúðinni. Örstutt í góðan grunnskóla og tvo leikskóla

HRAUNBRAUT 38, 162,6 m²
200 KÓPAVOGUR, 79,9 mkr.

Hrafnhildur Björk Baldursdóttir
Lögg. fasteignasali
S. 862 1110/hrafnhildur@eignamidlun.is

Hlýlegt einbýlishús umlukið ævintýragarði. Húsið er á pöllum og í hluta af neðri hæðinni er 2ja herbergja íbúð, sem bæði er innangengt í af efri hæð og inn um sérinngang að utan. Nú eru tvö svefnherbergi á efri hæðinni, forstofa, sjónvarpshol/setustofa og stórar góðar stofur. Fallegt útsýni.

RAUÐALÆKUR 6, 70,1 m²
105 REYKJAVÍK, 37,5 mkr.

Hrafnhildur Björk Baldursdóttir
Lögg. fasteignasali
S. 862 1110/hrafnhildur@eignamidlun.is

Afar sjarmerandi og falleg 3ja herbergja íbúð á neðstu hæð í fjórbýlishúsi á vinsælum stað í Lauganeshverfinu. Íbúðin hefur verið mikið endurnýjuð á síðustu árum. Íbúðin getur verið laus til afhendingar um næstu mánaðarmót.

EIKARÁS 6, 272,7 m²
210 GARÐABÆ, 137 mkr.

Magnea S. Sverrisdóttir
Lögg. fasteignasali
S. 861 8511/magnea@eignamidlun.is

Glæsilegt 272,7 fm einbýlishús á tveimur hæðum. Húsið skiptist m.a. í stofu með arni, borðstofu, eldhús, 4-5 herbergi, fataherbergi og tvö baðherbergi. Tvöfaldur bílskúr. Harðviðarverönd með heitum potti. Glæsilegt útsýni. Innanhússarkitekt er Rut Káradótir. Allar innréttingar eru sérsmíðaðar.

MIKLABORG

Hraunbær 103 a/b/c

110 Reykjavík

HAFIÐ SAMBAND
Við virðum samkomubann og biðjum fólk því að panta skoðun í síma: **845 8958**

Vandaðar nýjar íbúðir fyrir 60+

- Útsýnisíbúðir
- Stærðir frá 52-160 fm, stúdíó, 2ja og 3ja herbergja íbúðir
- Flestar íbúðirnar ná í gegnum húsið
- Vinsælar íbúðir
- Aðgengi að þjónustu og félagsmiðstöð hjá Reykjavíkurborg í Hraunbæ 105
- Vandaðir verktakar
- Afhending október 2020

Verð frá **kr. 42,5 milljónir**

Nánari upplýsingar veita:

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300
svan@miklaborg.is

Friðrik P. Stefánsson
hdl. og aðst. fasteignasala
Sími: 616 1313
fridrik@miklaborg.is

Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000
thorunn@miklaborg.is

Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 778 7272
axel@miklaborg.is

Þórhallur Biering
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232
thorhallurb@miklaborg.is

Amtmannsstígur 5a

101 Reykjavík

Fallegt steinsteypt 220,3 fm tveggja hæða einbýlishús auk kjallara í hjarta miðborgarinnar

Verð : **120 millj.**

- Í húsið er innréttað sem "gistihús" til útleigu á herbergjum
- Alls eru 7 herbergi í húsinu með gistirými fyrir 13 manns, tvö baðherbergi

Nánari upplýsingar:
s. 896 8232 **Þórhallur Biering** löggiltur fasteignasali

Rauðarárstígur 41

105 Reykjavík

Falleg, snyrtileg 95,6 fm 4ra herb endaíbúð íbúð á 2 hæð

Verð : **49,5 millj.**

- Sérinngangur
- Svalir til suðurs
- Lokað bílastæðahús

Nánari upplýsingar:
s. 896 8232 **Þórhallur Biering** löggiltur fasteignasali

Langafit 12

210 Garðabær

Mjög falleg 3ja - 4ra herbergja íbúð í tvíbýlishúsi

Verð : **37,5 millj.**

- Sérinngangur
- Stærð íbúðarinnar er 79,5 fm
- Í dag eru tvær stofur og tvö svefnherbergi en möguleiki að hafa þau þrjú á kostnað sjónvarpsherbergis

Nánari upplýsingar:
s. 778 7272 **Axel Axelsson** löggiltur fasteignasali

Ennishvarf 8

203 Kópavogur

541 fm einbýlishús á tveimur hæðum

Verð : **159,9 millj.**

- 60 fm hesthús er neðar á lóðinni
- Vandaðar innréttingar og tæki
- Mikið útsýni

BÓKIÐ SKOÐUN Í SÍMA: 775 1515

Nánari upplýsingar:
s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali



Boðagrandi 2a

107Reykjavík

Falleg og vel skipulögð 3ja herbergja íbúð á 2 hæð í lyftuhúsi

Verð : **54 millj.**

- Tvennar svalir
- Stæði í bílageymslu
- Sjávarútsýni
- Laus við kaupsamning

LAUS STRAX

Nánari upplýsingar:
s. 896 8232 **Þórhallur Biering** löggiltur fasteignasali

Lindasmári 47

201 Kópavogur

Glæsileg 156 fm íbúð á 2 hæðum

Verð : **68,9 millj.**

- Sérinngangur, endaíbúð, efsta hæð
- Fjögur svenherbergi, möguleiki á því fimmta
- Mikil lofthæð í glæsilegum stofum
- Sér þvottahús innan íbúðar
- Frábær staðsetning

Nánari upplýsingar:
s. 845 8958 **Jórunn Skúladóttir** löggiltur fasteignasali



Vallakór 2D

203 Kópavogur

142,8 fm útsýnisíbúð með tvennum yfirbyggðum svölum á 5. hæð

Verð : **61,9 millj.**

- Stæði í bílageymslu þar sem tengi er fyrir rafmagnsbíl
- Sér geymsla sem er rúmgóð og skráð 10,2 fm
- Svalirnar sem eru yfirbyggðar eru ekki taldar í fermetrum og með þeim er eignin samtals 168 fm

Nánari upplýsingar:
s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali

Safamýri 95

108 Reykjavík

- Falleg og björt 150 fm neðri sérhæð
- Nýlegt eldhús og baðherbergi
- Nýleg gólfefni
- Stórar og bjartar stofur
- Frábær staðsetning

Verð : **68,9 millj.**

Nánari upplýsingar: **Friðrik P. Stefánsson** hdl. og aðst. fasteignasala
s. 616 1313 **Ólafur Finnbogason** löggiltur fasteignasali s. 822 2307

Engjateigur 17-19

105 Reykjavík

Mjög skemmtileg 4ra herbergja íbúð á tveimur hæðum

Verð : **52,9 millj.**

- Sérinngangur og frábær staðsetning í Laugardalnum nálægt miðbænum
- Björt með þakgluggum og mikilli lofthæð
- Tvö svefnherbergi og tvennar stofur

Nánari upplýsingar:
s. 773 6000 **Þórunn Pálsdóttir** löggiltur fasteignasali

Hrólfsskálamelur 3

170 Seltjarnarnes

Falleg og vel skipulögð 134 fm 4ra herbergja íbúð á jarðhæð

Verð : **79,9 millj.**

- Nýlegt lyftuhús með
- Stæði í lokaðri bílageymslu
- Eignin skiptist í 118,8 fm íbúðarrými
- 15,2 fm geymsla

Nánari upplýsingar:
s. 899 5856 **Gunnar S. Jónsson** löggiltur fasteignasali



Gulaþing 32

203 Kópavogur

Glæsileg íbúð með sér inngangi

Verð : **69,9 millj.**

- Alls 175 fm þar af bílskúr 42 fm
- Stór alrými, svalir og sér verönd
- Tvö rúmgóð svefnherbergi
- Heitur pottur á verönd
- Gott viðhaldslétt og klætt hús

Nánari upplýsingar:
s. 695 5520 **Jón Rafn Valdimarsson** löggiltur fasteignasali

Kelduland 5

108 Reykjavík

Falleg, vel skipulögð og nánast algjörlega endurnýjuð 51,4 fm 2ja herb. íbúð á jarðhæð.

Verð : **36,4 millj.**

- Útgengt er úr íbúð á hellulagða verönd til suðurs (sér afnotaréttur).
- Skólp var endurnýjað árið 2020 sem og raflagnir, gólfefni, hurðir, eldhús og baðherbergi.

Nánari upplýsingar:
s. 893 9929 **Páll Pórólfsson** löggiltur fasteignasali

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is





Vallakór 6a

203 Kópavogur

Virkilega falleg og björt íbúð á 6. hæð með gluggum í þrjár áttir.

- Vel skipuögð 84,5fm 3ja herbergja endaíbúð
- Sérinngangur og stórar svalir til suðurs
- Sér bílastæði í upphitaðri bílageymslu.

Verð: **48,9 millj.**

Páll Pórólfsson
lögg. fasteignasali
sími: 893 9929
pall@miklaborg.is



Melalind 12

201 Kópavogur

Rúmgóð, vel skipulögð og mikið endurnýjuð 102,9 fm 3ja herbergja íbúð

- Íbúðin var endurnýjuð 2016 og 2019. m.a. allt gólfefni, bæði parket og flísar.
- Innrétting í eldhúsi og skápar í anddyri eru lakkaðir og skápar í svefnherb. filmaðir.
- Baðherbergi endurnýjað að stórum hluta,
- Íbúðin er öll ný máluð.

Verð: **53,5 millj.**



Sýnum eftir pöntun
mánudaginn 23. mars kl. 16:00 til 17:00

Nánari upplýsingar veitir:
Axel Axelsson, lögg. fasteignasali
axel@miklaborg.is **sími:** 778 7272

Skógarvegur 14

103 Reykjavík

- Falleg og vönduð 65,8 fm íbúð á efstu hæð í nýlegu lyftuhúsi
- Íbúðin er 2ja herbergja og fylgir henni stæði í bílageymslu
- Íbúðin skiptist í forstofu, baðherbergi með þvottaaðstöðu, stofu, eldhús og svefnherbergi
- Rúmgóðar suðursvalir eru frá stofu

Verð: **46,5 millj.**

Sýnum eftir pöntun
þriðjudaginn 24. mars kl. 16:00 til 18:00

Nánari upplýsingar veitir:
Svan G. Guðlaugsson, lögg. fasteignasali
svan@miklaborg.is **sími:** 697 9300

Hraunteigur 22

105 Reykjavík

- Glæsileg 2-3 herbergja íbúð á 2 hæð
- Íbúðin er nánast öll endurnýjuð að inna í samráði við Rut Káradóttur
- Einstaklega glæsilegt eldhús, stofa og borðstofa, baðherbergi með gólfhita
- Suður svalir og sérhönnuð lýsing
- Björt og falleg íbúð á frábærum stað

Verð: **39,9 millj.**

Sýnum eftir pöntun
mánudaginn 23. mars kl. 17:00 til 17:30

Nánari upplýsingar veitir:
Jón Rafn Valdimarsson, lögg. fasteignasali
jon@miklaborg.is **sími:** 695 5520

Súluhólar 6

111 Reykjavík

- Glæsileg 3ja herb íbúð á 2 hæð
- Alls 73 fm með sérgeymslu
- Mikið endurnýjuð, ný gólfefni
- Ný eldhúsinnrétting og tæki
- Tvö rúmgóð svefnherbergi
- Útgengt á svalir frá hjónaherbergi

Verð: **35,5 millj.**

Fornaströnd 7

170 Seltjarnarnes

Sýnum eftir pöntun
þriðjudaginn 24. mars kl. 16:30 til 17:30

Nánari upplýsingar veitir:
Þórunn Pálsdóttir, lögg. fasteignasali
thorunn@miklaborg.is **sími:** 773 6000

Rúgakur 3b

210 Garðabær

- Glæsileg stór 2ja herbergja með sérinngangi
- Frábær staður í Garðabæ, innst í botnlanga
- 115,7 fm auk stæðis í bílageymslu
- Lyftuhús og stórar suðursvalir
- Gott fataherbergi inn af hjónaherbergi
- Þvottahús innan íbúðar, stór geymsla

Verð: **56,9 millj.**

Fallegt 240 fm einbýlishús á einni hæð

- Nýlega málað og nýr þakdúkur
- Nýtt eldhús og gólfefni
- Skemmtilegt skipulag
- Frábær staðsetning

Nánari upplýsingar veitir:
Ólafur Finnbogason, lögg. fasteignasali
olafur@miklaborg.is **sími:** 822 2307

BÓKIÐ SKOÐUN
Í SÍMA: 822 2307

Verð: **124 millj.**

VEGNA COVID-19 SÝNUM VIÐ NÚ ALLAR EIGNIR EFTIR PÖNTUN
Hafið samband við sölumenn okkar og bókið skoðun – Gott að byrja leit á vefnum okkar miklaborg.is

569 7000 · Lágmúla 4 · miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

535-1000
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK

FÉLAG FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI

BÓKIÐ SKOÐUN

SMÁRAGATA 1, 101 REYKJAVÍK

392M²	197.5M

Stakfell fasteignasala kynnir í einkasölu 392 fermetra einbýlishús á þremur hæðum þar af 89,5 fermetra bílskúrs á 821 fermetra eignarlóð á frábærum stað í miðbænum. ATH: Ekkert opið hús - einungis bókaðar skoðanir.
Eignin hefur mikla útleigumöguleika, í dag eru tvær leigueiningar í notkun, kjallari og hluti bílskúrs en báðar þær eignir hafa svefnherbergi, eldhús, wc/sturtu,þvottaherbergi og sérinngang.

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA ÞEIR:

HALLDÓR KRISTJÁN SIGURÐSSON
Löggiltur fasteignasali
618 9999 - halldor@stakfell.is

JÓN G. SANDHOLT jr.
Löggiltur fasteignasali
777 2288 - jong@stakfell.is



GARÐASTRÆTI 38, 101 REYKJAVÍK

511 M²	279M



Stakfell kynnir í einkasölu eignina Garðastræti 38 101 Reykjavík, birt stærð hússins er 511.7 fm, þar af er 26,8fm bílskúr.
Um ræðir heila húseign sem að saman stendur af fjórum íbúðum og geymslum auk bílskúrs, eignin stendur á 577fm lóð.

SKÓLABRAUT 10, 170 SELTJARNARNES

500M²	169,5M

Stakfell fasteignasala kynnir í einkasölu eignina Skólabraut 10, 170 Seltjarnarnesi birt stærð er 500,7fm.
Um ræðir hús á þremur hæðum með gróinni lóð sem býður uppá ýmsa möguleika.
Leigusamningur er á húsnæðinu til þriggja ára.

GRUNNUR AÐ GÓÐU LÍFI

Vantar allar gerðir eigna á söluskrá. Mikil sala. Skoðum og verðmetum samdægurs. Hafðu samband.

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík
Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is

Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is

Heimir Fannar Hallgrímsson
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is

Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is

Magnús Axelsson
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is

Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is

Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

Smiðjuvegur – Kópavogi • Fjárfestingarkostur með nýjum traustum langtímaleigusamningi.

250 fm iðnaðarhúsnæði/matvinnsla sem var nýlega algjörlega endurnýjuð hið innra fyrir núverandi rekstur. Nánari upplýsingar á skrifstofu.

Sólborg – Kirkjusandur - Glæsilegar útsýnisíbúðir í grónu hverfi.

- Sólborg er vandað fjölbýli með afar vönduðum 2ja – 5 herbergja lúxusíbúðum. Stærðir íbúða eru frá 55,7 fm. upp í 194,7 fm.
- Á Kirkjusandi er örstutt í alla þjónustu, veitingastaði og útivist.
- Afhending íbúða verður í mars 2020.
- Eignin er byggð úr afar vönduðum byggingarefnum og eru m.a. allir gluggar úr áli og klæðning hússins úr anodiseraðri álklæðningu. Klæðningin er sérhönnuð og meðhöndluð með sérstakri aðferð. Hljóðvist er verulega aukin í eigninni og er gengið mun lengra í þeim efnum en alla jafna tíðkast í íslenskum byggingum.
- Nánari upplýsingar um bygginguna á www.105midborg.is

Stuðlaborg – Kirkjusandur - Glæsilegar útsýnisíbúðir í grónu hverfi.

- Stuðlaborg er vandað fjölbýli með 77 íbúðum í fimm lyftuhúsum. Stærðir frá 58-254 fm.
- Á Kirkjusandi er örstutt í alla þjónustu, veitingastaði og útivist. Stórbrotið útsýni yfir sundin blá, miðbæinn og borgina.
- Áhersla á fjölbreytileika og gæði í hönnun, efnisvali og frágangi. Þýskar gylltar álklæðningar ásamt stórum swiss pearl steinplötum. Sérstök hljóðgólf í öllum íbúðum, þykkir veggir og full loftræsting skapa góða hljóðvist. Gólfsíðir gluggar í stofum skapa einstakt og óhindrað sjávarútsýni.
- Hin margverðlaunaða og heimsþekkta danska arkitektastofa Schmidt Hammer Lassen (SHL) hannar Stuðlaborg ásamt VA arkitektum.
- Nánari upplýsingar um bygginguna á www.105midborg.is

Mýrargata 26. Glæsileg 4ra herbergja útsýnisíbúð á 6. hæð.

- Mjög falleg 128,9 fm. íbúð á 6. hæð og sér bílastæði í bílageymslu. Mikils útsýnis nýtur úr íbúðinni. Svalir til austurs út af stofu.
- Stofa með gólfsíðum gluggum. Opið eldhús við stofu. Þrjú svefnherbergi. Tvö baðherbergi.
- Eignin er öll innréttuð á afar vandaðan og smekklegan hátt. Á 7. hæð hússins eru stórar sameiginlegar útsýnissvalir með glerhandriðum.

Staðsetning eignarinnar er mjög góð við Grandagarðinn, sem hefur verið í mjög mikilli uppbyggingu og iðar af mannlífi í dag með verslunum, veitingastöðum og annarri þjónustu.

Verð 92,9 millj.

Lundur 5. Útsýnisíbúð á 10. hæð

- Glæsileg 3ja - 4ra herbergja 155,0 fm. íbúð á 10. hæð að meðtalinni sér geymslu. Sér bílastæði í bílageymslu. Tvær lyftur eru í húsinu sem ganga niður í bílageymslu.
- Rúmgóðar svalir til vesturs með svalalokun þaðan sem nýtur útsýnis út á sundin, Öskjuhlíðinni, til fjalla og víðar.
- Íbúðinni fylgir öll ljós, gardínur, öll eldhústæki, m.a. amerískur tvöfaldur kæliskápur og uppþvottavél. Auk þess fylgir íbúðinni þvottavél og þurrkari. Vandaðar innréttingar smíðaðar hjá Brúnási og blöndunartæki frá Tengi.

Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning.

Verð 97,9 millj.

Bjarkarholt 8-20 - Mosfellsbæ • Nýjar íbúðir fyrir 50 ára og eldri

- Íbúðirnar eru frá 2ja herbergja upp í glæsilegar þakíbúðir.
- Hverri íbúð fylgir sér bílastæði í bílakjallara með aðstöðu fyrir hleðslu rafbíla.
- Húsin eru hönnuð af ASK arkitektum og Landhönnun sér um hönnun lóða og umhverfis þar sem stuðlað er að „grænni“ ásýnd hverfisins.
- Frábær staðsetning þar sem stutt er í alla þjónustu og stofnæðar.
- Traustur verktaki með alþjóðlega vottun.
- Skoða má allar íbúðirnar á www.ggverk.is

Naustavör nr. 36-42. Nýjar íbúðir í Bryggjuhverfinu í Kópavogi.

- Naustavör 36-42 eru 3 – 4 hæða fjölbýlishús í Bryggjuhverfinu í vesturbæ Kópavogs.
- Íbúðirnar eru frá 84 fermetrum upp í 208 fermetra og eru 2ja til 4ra herbergja.
- Allar innréttingar er sérsmíðar af Brúnás, AEG eldhústæki og blöndunartæki frá Tengi. Íbúðirnar sjálfar verða afhentar án gólfefna, nema á baðherbergi og þvottahúsi verða flísar frá Parka.
- Íbúðirnar eru með góðum svölum. Stæði í bílageymslu fylgja flestum íbúðum. Útsýni til sjávar eru úr flestum íbúðum.

Afhendingartími íbúða er á tímabilinu júní – júlí 2020. Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf., www.bygg.is

Grenimelur 1. Glæsileg efri sérhæð og ris ásamt bílskúr.

- Virkilega glæsileg og mjög vel skipulögð 10 herbergja 232,2 fm. efri sérhæð og ris auk 27,1 fm. bílskúr og geymsluriss í nýviðgerðu og steinuðu þríbýlishúsi við Grenimel.
- Þrjár mjög stórar samliggjandi skiptanlegar stofur með suðursvölum og 7 rúmgóð svefnherbergi. Svalir til suðurs út af stofum.
- Hið innra hefur íbúðin verið mikið endurnýjuð á sl. árum, m.a. eldhúsinnréttingar og tæki, bæði baðherbergi, raflagnir og rafmagnstafla o.fl. og er í góðu ástandi.
- Eignin stendur á 866,4 fm. lóð og er í sameign alls hússins. Stór tyrfð flöt og fallegur trjágróður á suðurlóð og austur, en hellulögð stétt og innkeyrsla norðan við húsið.

Verð 139,0 millj.

Mávahlíð. 5 herbergja íbúð - suðursvalir.

- Falleg 107,5 fm. 5 herbergja íbúð á 2. hæð að meðtalinni sér geymslu í mikið endurnýjuðu fjórbýlishúsi við Mávahlíð. Húsið var múrviðgert og endursteinað árið 2017. Sama ár var þakið yfirfarið og málað.
- Svalir eru til suðurs. Rúmgóðar samliggjandi stofur með gluggum til suðurs og austurs. Þrjú svefnherbergi. Gegnheilt eikarparket. Fallegur inngangur og stigagangur með rishæð. Snyrtileg sameign.
- Nýtt gras var lagt á lóðina árið 2016. Hellulagt fyrir framan húsið. Sameiginleg stæði austan megin við húsið. Timburskjólveggur til norðurs.

Verð 59,9 millj.

Garðatorg 17 – Garðabæ. 3ja herbergja íbúð ásamt bílskúr.

- Góð 124,6 fm. íbúð með sérinngangi á jarðhæð að meðtöldum 26,4 fm. bílskúr með afgirtri verönd til suðurs. Nýlega er búið að endurnýja parket íbúðar, rafmagnstengla, mála íbúð og bílskúr.
- Stofa og borðstofa með stórum gluggum til suðurs og austurs. Tvö svefnherbergi með gluggum.
- Húsið var málað að utan sumarið 2019. Sérstæði er fyrir framan bílskúr og hellulögð stétt með snjóbræðslu fyrir framan hús.

Góð eign í miðbæ Garðabæjar þaðan sem stutt er í alla þjónustu.

Verð 59,5 millj.

Grandavegur 47 – 2ja herbergja íbúð á 8. hæð

- 44,2 fm. 2ja herbergja íbúð á 8. hæð fyrir 60 ára og eldri við Grandaveg í Reykjavík. Húsvörður er í húsinu.
- Íbúðin er björt og með glæsilegu útsýni úr stofu og af svölum til vesturs yfir Faxaflóann og víðar.
- Á efstu hæð er sameiginlegur matsalur þar sem boðið er uppá heitan mat í hádeginu alla daga. Salurinn er einnig nýtanlegur fyrir íbúa til veisluhalds. Á jarðhæð hússins er sameiginlegur líkamsræktarsalur með aðgengi að heitum potti á lóð.

Húsið að utan var sprunguviðgert og málað á síðasta ári.

Verð 29,9 millj.

heimili
fasteignasala
á traustum grunni

Bogi Molby Pétursson löggiltur fasteignasali. • Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.

Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is

FÉLAG FASTEIGNASALA

GIMLI
FASTEIGNASALA
FRÍTT SÖLUVERÐMAT
Grensásvegur 13 - 108 Reykjavík - Sími 570 4800 - gimli.is - gimli@gimli.is

Halla Lögg. fast. 659 4044
Ólafur Sölu- og markaðsstjóri 690 0811
Ellert Sölustjóri 661 1121
Sigþór Lögg. fast. 899 9787
Hafrún Lögg. fast. 848 1489
Bárður Sölustjóri 896 5221
Elín Urður Lögg. fast. 690 2602
Elín Rósa Lögg. fast. 773 7126
Lilja Sölufulltrúi 820 6511
Kristján Sölufulltrúi 691 4252

GIMLI GIMLI GIMLI GIMLI GIMLI GIMLI GIMLI

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

89% Með því að auglýsa í Atvinnublaðinu nær þitt fyrirtæki til **89%** lesenda dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu.

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is

FOLD
FASTEIGNASALA
Sóltún 20 • Sími: 552 1400
www.fold.is • fold@fold.is

Óskum eftir

- Íbúðum í öllum hverfum Reykjavíkur til kaups eða leigu fyrir opinberan aðila.

- Traustar greiðslur.
- Langur leigutími.

Nánari upplýsingar á skrifstofu.

PRODOMO
FASTEIGNASALA

SUMARHÚS TIL FLUTNINGS

Gott 25 fm sumarhús með 9 fm verönd. Allir veggir innanhúss eru sérmeðhöndlaðir samkvæmt gömlum aðferðum. Gluggar eru olíubornir og lakkaðir, gereft á gluggum og gólfi eru sérunnin lituð og lökkuð. Einangrun í kringum glugga er tvöföld. Gólfið er einangrað sérstaklega. Fræst var fyrir rafmagni í gólfi og það er falið á bak við gerefti við gólf sem hægt er að skrúfa laus. Rafmagns kynding er í bústaðnum og búið er að setja upp 100 ltr heitavatns kút. Ekki er búið að leggja vatnslagnir. Sturtuklefi fylgir.

Allar nánari upplýsingar veitir Lilja Valþórsdóttir Lögg. fast.
í s: 420-4030 / 860-6886 eða lilja@prodomo.is

Astaxanthin

Eitt öflugasta andoxunarefni náttúrunnar

- Rannsóknir sýna að Astaxanthin er allt að 6000 sinnum sterkara andoxunarefni en C vítamín.
- Náttúrulegasta og hreinasta uppspretta astaxanthins finnst í smáþörungum sem kallast Haematococcus pluvialis, en þeir framleiða þetta sem varnarefni gegn erfiðum aðstæðum í umhverfinu?

Styrktu ónæmiskerfið með Astaxanthin!*

ICELANDIC™ HARVEST

Astaxanthin frá Algalíf er 100% náttúrulegt hágæða bætiefni, framleitt á sjálfbæran hátt við kjöraðstæður sem tryggja að innhaldið skili sér til neytenda.

Útsölustaðir: Öll apótek, heilsuverslanir, Costco og flestum stórmörkuðum.

* Park JS et al. Nutr Metab. 2010;7:18.

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Þjónusta

Píparar

PÍPULAGNIR
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA
Píplagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Ræstingar

FYRIRTÆKJARÆSTINGAR.
Ódýrar & vandvirkar ræstingar.

Sjá www.fmjthrif.is
FMJ Þrif ehf.

Bókhald

Bókhaldsþjónusta, vsk, laun, Innheimta. Áralöng reynsla. AKB bókhald s. 856-6749

Málarar

Málningarþjónusta S: 782-6034.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Trésmíði

TRÉSMIÐUR
tekur að sér stór og smá verk sanngjarnt verð s 8924624 net sjgverktakar@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Kassagítarar í úrvali Gítarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

Húsnæði

Húsnæði í boði

Til leigu einstaklings. íbúð á sv. 200. Leiga 140 þús per/mán. Uppl. í s. 893 3475

Húsnæði óskast

ÍBÚÐ ÓSKAST
Ungt, reglusamt, reyklaust par óskar eftir 2-3 herb. íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Skilvirkum greiðslum heitið, meðmæli, trygging og allt að 3 mán. fyrirframgreiðsla. S. 845 5926

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500



15% kaupauki til brúðhjóna sem stofna brúðargjafalista

ROSENDAHL COPENHAGEN · GEORG JENSEN · ROYAL COPENHAGEN · KAY BOJESEN DENMARK · iittala · Villeroy & Boch 1748

KÚNÍGÚND

sérverslun með vandaðar gjafavörur

Kringlan · Glerártorg · kunigund.is

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

23. MARS 2020 MÁNUDAGUR

Merkisatburðir

1026 Konráð II. krýnir sjálfan sig sem konung á Ítalíu.

1174 Jocelin, ábótinn af Melrose, kjörinn biskup í Glasgow-borg.

1808 Jósep, bróðir Napóleons Bónaparte tekur völdin á Spáni.

1881 Kviknar í óperuhúsinu í Nice út frá gaslampa. Sjötíu farast í brunanum.

1903 Wright-bræður sækja um einkaleyfi í fyrsta sinn fyrir flugvél. Einkaleyfið var veitt þremur árum síðar.

1918 Litháen lýsir yfir sjálfstæði.



1919 Áttunda þing rússneska kommúnistaflokksins setur fimm manna ráð á fót á ný, Politburo. Ráðið verður þungamiðja stjórnmálaáhrifa í Sovétríkjunum. Lenín, Trotskíj og Stalín eru meðal fyrstu manna sem skipa ráðið.

1921 Þýskaland tilkynnir að því sé ófært að greiða stríðsskaðabætur sem því var gert að greiða í kjölfar heimsstyrjaldarinnar fyrri.

1929 Fyrsta símtækinu komið fyrir á skrifborði Bandaríkjaforseta.

1945 Herskip úr flota Bandaríkjamanna varpa sprengjum á Okinawa-eyju til að auðvelda herafla bandamanna innrás í kjölfarið.

1956 Súdan öðlast sjálfstæði.

1963 Grethe og Jorgen Ingmann keppa fyrir hönd Danmerkur í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva í áttundu keppninni í Lundúnum. Framlag þeirra, „Dansevise“, sigrar.

1970 Lag Conway Twitty, „Hello Darlin'“, gefið út og verður lag ársins hjá Billboard.

1973 Yoko Ono fær varanlegt dvalarleyfi í Bandaríkjunum.

1983 Ronald Reagan kynnir „stjörnustríðsáætlunina“.

2019 Meira en ein milljón manna mótmælir á götum Lundúna og krefst nýrrar þjóðaratkvæðagreiðslu um Brexit.

Það skiptir svo miklu að breyta hugarfarinu, rétt eins og okkur hefur tekist að minnka unglingadrykkju. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Breyttum hugarfarinu

Í dag eru tíu ár síðan lög voru samþykkt um að banna nektardans á Íslandi. Siv Friðleifsdóttir sem mælti fyrir frumvarpinu á sínum tíma er afar ánægð þegar hún lítur til baka.

Í dag eru tíu ár liðin síðan Alþingi samþykkti lög sem fólu í sér að bannað væri að bjóða upp á nektarsýningar. Með því varð Ísland fyrsta ríki Evrópu til að banna slíka staði. Siv Friðleifsdóttir, þáverandi þingmaður Framsóknar, var fyrsti flutningsmaður frumvarpsins en Siv tók við keflinu af Kolbrúnu Halldórsdóttur, fyrrverandi þingmanni og ráðherra sem hafði áður vakið athygli á málinu. Alls greiddu 31 þingmenn úr öllum flokkum atkvæði með banninu. Tveir þingmenn úr Sjálfstæðisflokknum sátu hjá en aðrir þingmenn voru fjarverandi.

Á þessum tíma var reglugerðin um nektardansstaði fremur óljós og fengu nokkrir staðir undanþágu frá lögum til að bjóða upp á slíkar sýningar. Þegar mest var voru átta nektardansstaðir starfræktir á höfuðborgarsvæðinu. Lögin voru samþykkt 23. mars og ákveðið var að þau tækju gildi 1. júlí sama ár.

Mikið var fjallað um málið á sínum tíma, enda varð Ísland fyrsta land Evrópu til að banna slíkar sýningar. „Fyrst og fremst er ég ánægð með þá hugarfarsbreytingu og kúltúrbreytingu sem fylgdi löggjöfinni. Með henni tókst okkur að koma í veg fyrir að nektarsýningar festu sig í sessi hér á landi.

Þegar mest var, voru átta nektarstaðir á höfuðborgarsvæðinu. MYND/ HEIÐA HELGADÓTTIR

Þær voru orðnar nokkuð sjálfsagðar á þessum tíma,“ sagði Siv og hélt áfram:

„Það skiptir svo miklu máli að breyta hugarfarinu, rétt eins og okkur hefur tekist að minnka unglingadrykkju og banna reykingar á veitinga- og skemmtistöðum. Þegar reykingar voru bannaðar á skemmtistöðum þá breyttist hugarfarið og kúltúrinn gagnvart þeim. Nú dettur ekki nokkrum manni í hug að fara aftur til fortíðarinnar. Þetta sýnir að hægt er að breyta hugarfari og menningu nokkuð fljótt ef viljinn er fyrir hendi.“

Að sögn Sivjar sýndu aðrar þjóðir þessu áhuga þótt þær hafi ekki fylgt honum eftir.

„Það var tekið eftir þessu og við fengum margar fyrirspurnir erlendis frá. Aðrar þjóðir fylgdu ekki eftir svo ég viti, en það voru umræður um þetta á norrænum vettvangi, man ég. Maður fann að til dæmis í Danmörku var nektardans orðinn svo rótgróinn í þeirra menningu að það var ljóst að það yrði erfitt að fá meðbyr. Þá sá maður hversu mikilvægt það var að stöðva þennan kúltúr, áður en hann festi sig í sessi á Íslandi.“

kristinnpall@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST 23. MARS 1743

Messías eftir Händel frumfluttur í Lundúnum

Messías, óratoría Georgs Friedrich Händel, var frumflutt í Lundúnum á þessum degi árið 1743. Óratoríuna samdi skáldið árið 1741 við trúarlegan texta Charles Jennens sem byggður er á biblíutexta.

Hún var flutt í allra fyrsta sinn í Dyflinni á Írlandi 13. apríl árið 1742 og nærri ári síðar í Lundúnum, eins og áður segir. Í fyrstu hlaut hún hófsamar viðtökur almennings, en síðar var henni tekið opnum örmum og er nú á meðal best þekktu og mest fluttu kórverka hins vestræna heims.

Framan af var Händel þekktur fyrir óperutónlist sína, en sneri sér að óratoríum í kjölfar þess hann taldi tónlistarsmekk fólks hneigjast meira til þess konar tónlistar. Messías var hans sjötta verk af þessum toga.

Messías var sjötta óratoria Händels.

Í búningi Händels var óratorían hófstilltari en síðar varð. Eftir dauða hans var hún útsett í stærra sniði og fyrir mun stærra svið með fjölmennri hljómsveit og kór.

Á síðari tímum hafa menn á ný leitað til upprunans í sviðsetningum með hófstilltari uppfærslum.

Handel fæddist í Þýskalandi árið 1685 en fluttist til Lundúna 1712 og varð breskur þegn og bjó þar upp frá því. Hann lést 74 ára að aldri árið 1759.

Wizar

...fyrir lífsins ljúfu stundir

Hægindastóllinn sem slegið hefur í gegn og Íslendingar elska!

360° snúningur | innbyggður fótaskemill
hallanlegt bak | stillanlegur höfuðpúði

Fáanlegir **Wizar** litir

Verð frá
199.900 kr.

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Mánudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
4 °C | 11 ↗	-1 °C | 2 ↑	4 °C | 18 ↗
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
5 °C | 12 ↑	1 °C | 11 ↑	-2 °C | 18 ↑

Suðvestan 13-20 og skúrir eða él, en úrkomulítið NA til á landinu, 15-23 þar um kvöldið og kólnar heldur.

Þriðjudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
4 °C | 3 ↑	-5 °C | 9 ↙	1 °C | 11 ↗
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
4 °C | 6 ↑	-1 °C | 5 ↙	-4 °C | 8 ↑

Miðvikudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
2 °C | 3 ↗	-4 °C | 2 ↖	-3 °C | 1 ↑
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
-1 °C | 2 ↑	1 °C | 1 ↑	-6 °C | 6 ↑

LÉTT

6		2		4	5		1	
1		4	6		2		9	
	7	8	9					
	8		1			9	6	
9								7
	4	1		9		5		2
		3						
7					4	6		
	5		2	1	7	3		

MIÐLUNGS

	2				8	3	6	
				3		9		7
1			9	2				
7				6		8		
		8	4				7	
6	1			8			3	5
						6	4	
5		3					8	9
4			3					

ÞUNG

		4	8				3	7
						4		2
	9					5		
				1	9	7		3
	7		4			6		
3	4	1		6	2			
	2			5				
	1	9		7			6	8
7		3						

Krossgáta

LÁRÉTT
1. skermur
5. nögl
6. nóta
8. hægt
10. sem
11. lykt
12. álpast
13. frásögn
15. reiknirit
17. dufla

LÓÐRÉTT
1. bruna
2. rispa
3. hátíð
4. lögmál
7. staðla
9. þor
12. gælunafn
14. tímabil
16. íþróttafélag



LÁRÉTT: 1. skíar, 5. kló, 6. es, 8. rólega, 10. er, 11. ilm, 12. anar, 13. sögu, 15. algrím, 17. dadra.
LÓÐRÉTT: 1. skrensa, 2. klór, 3. jól, 4. regla, 7. samræma, 9. einurð, 12. agga, 14. öld, 16. ír.

Skák Gunnar Björnsson

Ian Nepomniachtchi (2774) átti leik gegn Wang Hao (2762) í fimmtu umferð áskorendamótsins í Rússlandi í gær.

39. f5+! gxf5 40. gxf5+ Rxf5 41. Dxd7+ Kxd7 42. Rxf5 Ke6 43. Re3 1-0. Öðrum skákum um helgina lauk með jafntefli. Nepomniachtchi er efstur með 3½ vinning. Maxime Vachier-Lagrave er annar með 3 vinninga. Sjötta umferð fer fram í dag.

www.skak.is: Netmót kl. 19:30 – allir velkomnir!

Hvítur á leik

2				6	1	5		
		1		2	4			3
	6						8	
		6	4					
4	7	2			5			9
	8		9	1		6	4	
		9				7		
8	3		7					
	4				3	8		

3	4	9		7		6		
			6				3	1
		6				7		8
		3		9				7
	5				7	1		9
				5	8			4
		2				8		
8			5	2				
9	1				3			

4		5			9		7	
	8	3			4			5
					8	2		
			2	4				
1						5	9	
	4	7				8		
			3			7	2	
					1	3		
			8					9

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Hví ekki að taka **maraþon viku** heima?

7 DAGA ÁSKRIFT
aðeins **990 kr.**

Vandað íslenskt sjónvarpsefni, nýjustu erlendu þáttaraðirnar,
barnaefni með íslensku tali og hátt í þúsund kvikmyndir.



MARAÞON

Tryggðu þér áskrift
stod2.is | **1817**

DAGSKRÁ

Mánudagur

MORGUN ÞÁTTUR
RÁSAR 1 OG 2

Alla virka morgna kl. 6.50 - 9

Morgunþættir Rásar 1 og 2 sameina krafta sína í beinni á samtengdum rásum útvarps, í sjónvarpi og á rúv.is.

Þetta er gert til að efla þjónustu við landsmenn á meðan neyðarstig Almannavarna gildir.

Allar nýjustu upplýsingar um stöðu mála, fréttir, umræður og félagsskapur.

RÁS 1 RÁS 2 RÚV

HRINGBRAUT

20.00 Saman í sóttkví er þáttur um gleðina á sviði í samkomubanni
20.30 Fasteignir og heimili Upplýsandi og fróðlegur þáttur um allt sem viðkemur fasteignum og góðum húsráðum.
21.00 21 - Fréttaþáttur á mánudegi 21 er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringaþáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernis með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.
21.30 Bílalíf Bílalíf er fjörlegur og fjölbreyttur þáttur um bílana okkar í leik og starfi.

RÚV SJÓNVARP

06.50 Morgunþáttur Rásar 1 og 2
09.00 Ferðastiklur
09.40 Vesturfararnir
10.10 Rick Stein og franska eldhúsið
11.10 Maður er nefndur
11.40 Út og suður
12.10 Gettu betur 1997
13.10 Eru vítamíntöflur óþarfar?
14.00 Blaðamannafundur vegna COVID-19
14.40 Enn ein stöðin
15.00 Bækur og staðir
15.10 Rabbabari
15.20 Tíu fingur
16.20 Silfrið
17.20 Best í Brooklyn
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Eysteinn og Salóme
18.13 Hinrik hittir
18.17 Letibjörn og læmingjarnir
18.24 Flugskólinn
18.46 Tulipop
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.05 Á vaktinni í 100 ár Heimildamynd um Veðurstofu Íslands sem fagnar 100 ára afmæli á árinu 2020. Starfsemi Veðurstofunnar snýst um að vakta flest það sem að náttúruöflunum snýr og þar fer fram mikilvægt rannsókna- og vísindastarf. Í myndinni er starfsfólki Veðurstofunnar fylgt eftir í eitt ár og veitt er innsýn í fjölbreytt starf þess - jafn innandyra sem utan. Dagskrárgerð: Valdimar Leifsson og Bryndís Kristjánsdóttir. Framleiðandi: Lífsmynd kvikmyndagerð.
21.10 Lögfræðingurinn
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Hljóðrás: Tónmál tímans – Blóðbaðið í Kent State og Víetnamstríðið Heimildaþáttaröð í átta hlutum þar sem fjallað er um tónlist í tengslum við sögulega atburði, eins og fall Berlínarmúrsins, geimkapphlaupið og réttindabaráttu samkynhneigðra.
23.05 Pólskir dagar - Kennarinn
23.55 Dagskrárlok

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
07.00 Ísland vaknar BEINT
10.00 Síminn + Spotify
12.15 Dr. Phil
13.00 Everybody Loves Raymond
13.25 The King of Queens
13.45 How I Met Your Mother
14.10 Dr. Phil
14.55 Pabbi skoðar heiminn
15.30 The Biggest Loser
17.00 The King of Queens
17.20 How I Met Your Mother
17.45 Dr. Phil
18.30 The Late Late Show
19.15 Speechless
19.40 The Good Place
20.10 A Million Little Things
21.00 Hawaii Five-0
21.50 Blue Bloods
22.35 Snowfall
23.25 Grand Hotel
00.10 Seal Team
00.55 FBI
01.40 FBI: Most Wanted
02.25 Cloak and Dagger
03.10 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunþáttur Rásar 1 og 2
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Flugur
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Til allra átta
15.00 Fréttir
15.03 Kvenfrelsi og köllun
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Hátalarinn
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Krakkavikan
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.35 Kvöldsagan: Konan við 1000 gráður
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Passíusálmar
22.15 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2

08.00 Heimsókn
08.15 Gilmore Girls
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Splitting Up Together
09.45 Suits
10.40 Nettir kettir
11.20 Landnemarnir
12.00 Gulli byggir
12.35 Nágrannar
12.55 Britain's Got Talent
14.05 Britain's Got Talent
14.25 Britain's Got Talent
15.35 Britain's Got Talent
16.00 Drowning in Plastic
16.50 Modern Family
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.25 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Fresh off the Boat
19.30 Your Home Made Perfect Stórgóðir breskir þættir þar sem arkitektar keppast við að hanna falleg heimili með aðstoð tækninnar. Hér hanna þau rýmin í tölvu og áður en húseigendur taka endanlega ákvörðun um endurbætur á heimilum sínum gefst þeim tækifæri til að skoða hönnunina í gegnum sýndarveruleikagleraugu.
20.35 Manifest
21.20 Liar 2
22.05 Westworld Þriðja þáttaröð þessara hörkuspennandi þátta.
23.10 60 Minutes
00.00 All Rise
00.45 Better Call Saul
01.30 Outlander
02.35 Góðir landsmenn
03.05 Veronica Mars
03.50 Veronica Mars
04.40 Veronica Mars
05.25 Veronica Mars

STÖÐ 3

15.05 Slicon Valley
15.35 Friends
15.55 Friends
16.20 Friends
16.40 Friends
17.00 Friends
17.25 Friends
17.45 Friends
18.05 Friends
18.30 Friends
18.50 Friends
19.15 The Middle
19.35 The Goldbergs
20.00 Friends
20.20 Friends
20.45 Schitt's Creek
21.05 Empire
21.50 The Hundred
22.30 Insecure
23.00 The Middle
23.25 The Goldbergs
23.45 Friends
00.10 Friends

GOLFSTÖÐIN

08.00 PGA Highlights 2020
08.50 The Open Official Film 2015
09.40 The Open Official Film 2016
10.35 The Open Official Film 2017
11.30 The Open Official Film 2018
12.25 The Open Official Film 2019
13.20 PGA Tour 2019
17.55 PGA Highlights 2019
18.50 The Open Specials
19.15 The Open Specials
19.40 The Open Specials
20.05 Solheim Cup 2019

STÖÐ 2 BÍÓ

09.15 All Saints
11.00 Stepmom
13.00 A League of Their Own
15.05 All Saints
16.50 Stepmom
18.50 A League of Their Own
21.00 Jumanji: Welcome to The Jungle
22.55 Fifty Shades Freed
00.35 Life and Death of John Gotti
02.25 Jumanji: Welcome to The Jungle

STÖÐ 2 SPORT

13.55 Dominos Körfuboltakvöld
15.00 Sportið í dag
16.00 La Liga: Goals Galore
16.30 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur 2019/2020
20.00 Seinni bylgjan
00.00 Sportið í dag

STÖÐ 2 SPORT 2

00.00 Seinni bylgjan

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

Alvöru atvinnubíll

Dacia Dokker

Til afhendingar strax!

Dacia Dokker er einn hagkvæmasti kosturinn sem í boði er fyrir þá sem leita að litlum sendibíl. Dacia Dokker er með 1,5 l, 90 hestafla díslivél sem notar einungis 4,5 l í blönduðum akstri*. Dacia bílarnir hafa komið einskalega vel út hvað varðar áreiðanleika í rekstri.

www.dacia.is

Verð án vsk.
2.411.290 kr.

Verð: 2.990.000 kr. m. vsk.

*Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri. / Búnaður bíls á mynd kann að vera frábrugðin auglýstu verði

ENNEMM / SÍA / NM000250

BL kolefnisbindur notkun nýrra bíla
BL hefur gengið til samstarfs við samfélagssjóðinn Kolvið til að kolefnisbinda notkun allra nýrra bíla sem seldir eru til einstaklinga. **www.bl.is/kolefnisjofnun**

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Beðið eftir dýrinu með sótthreinsaðar hendur

Leikkonan Berta Andrea Snædal eltir verkefni milli Reykjavíkur og Los Angeles, en ætlaði sér að hafa vetrardvöl á Íslandi. Kórónaheimsfaraldurinn hefur þannig enn ekki truflað hana á framabrautinni, en hann kemur í veg fyrir að hún geti hitt ömmu sína.

Berta Andrea Snædal flutti til Los Angeles í Bandaríkjunum 2015 til þess að nema leiklist við American Academy of Dramatic Arts. Þaðan útskrifaðist hún 2017 og hefur síðan þá verið með annan fótinn ytra, en lætur atvinnutækifærin ráða för.

Berta Andrea hefur verið róleg á klakanum í vetur en skrapp þó til Los Angeles í febrúar á Nordic Oscar Weekend, hópeflishátíð norrænns kvikmyndagerðarfólks vestan hafs.

„Sem betur fer finn ég ekki mikið fyrir samgöngubanninu," segir Berta sem sneri aftur frá Los Angeles skömmu áður en kórónaveiran fór að gera óþægilega vart við sig á heimsvísu.

„Nema að ég get ekki heimsótt ömmu mína sem er virkilega leiðinlegt. Hendurnar mínar eru líka farnar að finna grimmt fyrir öllum handþvottinum. En ég er ekki búin að missa neina vinnu og ég er mjög þakklát fyrir það."

ÉG GET EKKI HEIMSÓTT ÖMMU MÍNA SEM ER VIRKILEGA LEIÐINLEGT. HENDURNAR MÍNAR ERU LÍKA FARNAR AÐ FINNA GRIMMT FYRIR ÖLLUM HANDÞVOTTINUM.

Fríða mætir til leiks vel búin til bardaga á Íslandi í kuldalegri aðstæðum en persónan á að venjast. Hér er hún vel vopnuð og vör um sig í munkahelli.

Sokkabuxnalaus á framabraut

„Ég lék í mynd í fullri lengd sem heitir Silicon Beach og Max Gold leikstýrði á meðan ég var á öðru ári í skólanum. Myndin fór á ýmsar kvikmyndahátíðir í Bandaríkjunum og ég er búin að fá að flakka svolítið milli hátíða með henni."

Berta segist hafa „dottið svolítið inn í" „indie"-mynda samfélag í Los Angeles, þegar hún kynntist Max og steig fyrstu skrefin á framabrautinni sem hún hefur síðan fetað á víxl á Íslandi og í Bandaríkjunum.

„Þetta er eins ólíkt og hugsast getur, en samt nefni ég oft þegar ég er spurð, að það er næs að þurfa aldrei að fara í sokkabuxur undir buxurnar í Los Angeles," segir Berta sem þurfti að klæða sig mun betur þegar hún fylgdi Max til Íslands í fyrrasumar, þegar hann tók hér upp myrka sýn sína á gömlu söguna um Fríðu og dýrið.

Beðið eftir Fríðu

„Það hefur verið virkilega gaman að taka þátt í þessu. Vinnutitillinn á þessari mynd er Beauty and the Beast. Það er ekki alveg búið að ákveða nafnið enn þá," segir Berta um myndina sem var tekin upp hér síðasta sumar.

„Það tók sem sagt heil fimm ár að fjármagna en þetta tókst á endanum. Reyndar fyrir minni pening en við hefðum viljað, en við vorum svo heppin að allir sem komu að gerð myndarinnar voru bæði virkilega hæfileikarík og ástríðufull og vildu gera eins fallega og góða mynd og unnt væri."

Tökuliðið var allt skipað fólki frá Bandaríkjunum og Íslandi fyrir utan tékknesku leikkonuna Hana Vagnerová. „Bandaríska liðinu fannst landið okkar auðvitað magnað og þar sem við skutum um hásumar fannst þeim stórkostlegt að geta nýtt svona mikið af sólarhringnum."

ÞAÐ ER NÆS AÐ ÞURFA ALDREI AÐ FARA Í SOKKABUXUR UNDIR BUXURNAR Í LOS ANGELES.

Norrænt samstarf í LA

„Ég var eini Íslendingurinn en Norðmenn voru í meirihluta, enda hét hátíðin upprunalega The Norwegian Oscar Weekend," segir Bára þegar talinu víkur aftur að þorragleði norræns kvikmyndagerðarfólks í Hollywood.

Max spurði bæði mig og Inga Hrafn, hinn aðalleikara myndarinnar, hvort við hefðum færi á því að mæta og segja frá gerð myndarinnar. Ég stekk á hvert tækifæri sem gefst til að fara aftur út og greip því þetta," segir Berta sem fór og ræddi „samstarf Íslands og Bandaríkjanna í „indie"-kvikmyndagerð.

Bunki af nafnspjöldum

Berta segir að Max hafi sjálfur talað um hversu mikilvægt það er ódýrum kvikmyndum að umhverfið líti vel út og hann hafi bent á að Ísland hafi upp á meira en nóg að bjóða í þeim efnum.

„Eftir á komu margir til okkar, vildu vita meira eða stinga upp á samstarfi í framtíðinni. Ég kom heim með stóran bunka af nafnspjöldum sem ég er enn að fara í gegnum.

Planið er svo að fara aftur út þegar myndin byrjar í sýningu á kvikmyndahátíðum. Þá tekur harkið aftur við sem þýðir mikið hangs heima eða á kaffihúsum að vinna í tölvunni á milli prufa sem fæstar munu skila einhverju af sér. Það er glamúr að vera leikkona," segir Berta með stríðnisglotti.

toti@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

ANÍTA ÖSP INGÓLFSDÓTTIR

matreiðslumeistari og hamborgaraunnandi

TÖFRAÐI FRAM ÞESSA BRAGÐLAUKAVEISLU FYRIR GRILL 66

Í PRETZEL-BRAUÐI!

PÁSKA BORGARINN

Jerome

140 G NAUTABORGARI · LAMBASTEIK · DJÚPSTEIKTIR LAUKHRINGIR
MARIBO- OG MOZARELLA-OSTUR · SÚRAR GÚRKUR · SALATBLANDA
BERNAISE- OG SRIRACHA SÓSA · BORINN FRAM Í PRETZEL-BRAUÐI

VIÐ MINNUM Á AÐ HÆGT ER AÐ AFGREIÐA Í BÍLALÚGU Á GULLINBRÚ, NORÐLINGAHOLTI, AKRANESI, SELFOSSI, DALVÍK, ÓLAFSFIRÐI OG SIGLUFIRÐI.

GRILL 66

VIÐ ERUM Á OLÍS

GRILL66.IS

PiparTBWA \ SÍA

FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000 **RITSTJÓRN** ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Torg. ehf **DREIFING** Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

BAKÞANKAR

Láru G. Sigurðardóttur

Hljómur hugans

Tónlist ómaði þegar við stigum inn í bústað sem við leigðum á Airbnb. Hún var samhljóma við nafnið á staðnum, Zen cottage. Ég rölti milli herbergja og alls staðar ómuðu lágværir hugljúfir tónar. „Þetta er fullkomið. Mikið er tæknin í Kísildalnum orðin góð," hugsaði ég um leið og ég þuklaði á veggjum og velti fyrir mér hvaðan tónlistin kæmi. Barst hún úr loftljósunum... eða kannski veggjunum? Þar til ég fattaði að tónarnir komu úr símanum mínum. Maðurinn minn útskýrði fyrir sonum okkar að sumar konur lituðu á sér hárið ljóst en móðir þeirra væri náttúruleg ljóska. Svo var hlegið.

Við mannverurnar getum státað okkur af ágætis ímyndunarafli. Hugurinn er sífellt að ímynda sér hvernig hlutirnir virka eða framtíðin mun þróast. Hvort sem við ímyndum okkur eitthvað eða upplifum hið sama í raunveruleikanum, þá eru oft sömu svæði að störfum í heilanum. Þegar við ímyndum okkur tilfinningaþrungin atvik, getum við ræst ósjálfráða taugakerfið og þar með streitu- eða slökunarkerfið, eftir hvaða tilfinning er ráðandi.

En er þá nóg að ímynda sér eitthvað jákvætt til að vinna bug á óþægilegum tilfinningum? Þetta virðist ekki vera svo einfalt. Talið er árangursríkara að ímynda sér ógnina, en án neikvæðra afleiðinga. Segjum að þú hafir áhyggjur af ástandinu í dag. Í stað þess að hugsa um verstu mögulegu útkomuna, þá er hægt að viðurkenna hættuna en beina huganum að því sem vel gengur. Við höfum aðgang að vel menntuðu heilbrigðisstarfsfólki og það er stutt í hjálp. Og flestum sem veikjast farnast vel. Það er því að talsverðu leyti undir okkur sjálfum komið hvaða tónlist hljómar í huganum - lætur hún streitu- eða slökunarkerfið taka völdin?